



GREINING Á FRAMMISTÖÐU ÍSLENSKRA LEIKMANNA Í EFSTU DEILD KARLA Í 3+2 REGLUNNI OG 4+1 REGLUNNI

Egill Egilsson og Þorgrímur Guðni Björnsson

Lokaverkefni í íþróttافرæði BSc
2016

Höfundar: Egill Egilsson og Þorgrímur Guðni Björnsson
Kennitölur: 151091-3509 og 250191-3249
Leiðbeinendur: Ágúst Sigurður Björgvinsson og Sveinn Þorgeirsson
Tækni- og verkfræðideild
School of Science and Engineering

Útdráttur

Viðfangsefni rannsóknarinnar var að greina frammistöðu íslenskra og erlendra leikmanna í tveimur mismunandi reglum um erlendra leikmenn í íslenskum körfuknattleik, annars vegar 3+2 reglunni og hins vegar 4+1 reglunni. Niðurstöður rannsóknarinnar voru unnar úr tölfræði af vef Körfuknattleikssambands Íslands og úr viðtölum við fjóra þjálfara í efstu deild karla, tveimur af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð nær og tveimur frá landsbyggð fjær. Helstu niðurstöður voru að í flestum tölfræðiþáttum var frammistaða íslenskra leikmanna betri á fyrsta ári 4+1 reglunnar en á tímabilinu sem 3+2 reglan var í gildi. Á öðru og þriðja tímabili 4+1 reglunnar dalaði frammistaða íslenskra leikmanna í flestum tölfræðiþáttum. Frammistaða erlendra leikmanna batnaði jafnt og þétt yfir tímabilin fjögur. Þrír af þeim fjórum þjálfurum sem rætt var við fannst íslenskir leikmenn ekki hafa bætt sig á meðan 4+1 reglan hefur verið í gildi. Allir þjálfararnir voru sammála um að gæði deildarinnar væru minni í 4+1 reglunni en öðrum reglum sem hafa verið í gildi og setja spurningamerki við hvort 12 liða deild standi undir sér.

Formáli

Körfuknattleikur er helsta áhugamál okkar beggja og höfum við stundað íþróttina frá því að við munum eftir okkur. Við höfum verið mótherjar nánast alla tíð að undanskildu Norðurlandamóti árið 2007 þegar við vorum samherjar í U16 ára landsliðinu. Við val á lokaverkefni kom ekkert annað til greina en að taka fyrir efni tengt íslenskum körfuknattleik. Málefni erlendra leikmanna og reglur tengdar þeim eru mikið ræddar innan hreyfingarinnar og allir virðast hafa skoðun á þeim. Á körfuknattleiksþingum sem haldin eru annað hvert ár eru þessi málefni fyrirferðarmikil og margir þeirrar skoðunar að önnur mál ættu að skipa stærri sess. Hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar við vorum í starfsnámi hjá KKÍ vorið 2015 þar sem við unnum meðal annars við körfuknattleiksþingið.

Ritgerðin er 12 ECTS eininga lokaverkefni okkar til B.Sc. gráðu í íþróttufræði við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Leiðbeinendur okkar voru Sveinn Þorgeirsson og Ágúst Sigurður Björgvinsson og kunnum við þeim bestur þakkir fyrir þeirra framlag. Þeir voru ávallt tilbúnir að veita okkur stuðning og koma með góð ráð. Einnig viljum við þakka starfsmönnum KKÍ, þeim Hannesi S. Jónssyni og Kristni Geir Pálssyni, fyrir veitta aðstoð ásamt þeim viðmælendum sem gáfu sér tíma til að deila skoðunum sínum. Hörður D. Tulinius hjálpaði okkur við tölfræðivinnsluna og þökkum við honum fyrir það. Að lokum viljum við þakka yfirlesurum okkar, Andra P. Guðmundssyni og Hildi Hrólfsdóttur, fyrir góðar ábendingar. Síðast en ekki síst fá Sunna Rut Ragnarsdóttir og Fanndís Egilsdóttir þakkir fyrir ómetanlegan stuðning við vinnu verkefnisins.

Við vonum að ritgerðin skapi umræður í körfuknattleikshreyfingunni og sé um leið gagnlegt innlegg í umræðuna um reglur varðandi fjölda erlendra leikmanna.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Formáli.....	2
Töfluskrá.....	4
Myndaskrá.....	5
Inngangur	7
Fræðileg umfjöllun.....	8
Upphaf körfuknattleiks	8
Upphafið á Íslandi	8
Saga reglna um fjölda erlendra leikmanna	9
Erlendir leikmenn koma fyrst við sögu	10
Öll lið í efstu deild semja við erlendan leikmann	11
Hvers vegna eru erlendir leikmenn ráðnir?	12
Höfuðborg, landsbyggð nær og landsbyggð fjær	12
Aðferð og gögn.....	14
Þátttakendur	14
Framkvæmd	14
Úrvinnsla/greining.....	14
Niðurstöður.....	16
Niðurstöður I. hluti	16
Samantekt erlendra leikmanna	16
Samantekt liða	20
Samantekt um leikmenn.....	31
Allt landið.....	31
Höfuðborgarsvæði.....	40
Landsbyggð nær	48
Landsbyggð fjær.....	57
Niðurstöður II. hluti	66
Ívar Ásgrímsson.....	66
Einar Árni Jóhannsson	67
Kári Marísson	69
Ingi Þór Steinþórsson.....	70
Umræður.....	72
Heimildir	77
Viðaukar	80
Viðtalsrammi.....	80
Þjálfarar	80

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi leikmanna í efstu deild frá 2012 til 2016.....	20
Tafla 2. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKÍ árið 2012 í meistaraflokki karla....	20
Tafla 3. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKÍ árið 2013 í meistaraflokki karla....	21
Tafla 4. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKÍ árið 2014 í meistaraflokki karla....	21
Tafla 5. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKÍ árið 2015 í meistaraflokki karla....	22
Tafla 6. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKÍ árið 2016 í meistaraflokki karla....	22
Tafla 7. Fjöldi leikmanna eftir þjóðerni í allri deildinni sem léku 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik í hverju liði.	31
Tafla 8. Fjöldi leikmanna eftir þjóðerni á höfuðborgarsvæðinu sem léku 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik í hverju liði.	40
Tafla 9. Fjöldi leikmanna eftir þjóðerni í flokknum landsbyggð nær sem léku 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik í hverju liði.	48
Tafla 10. Fjöldi leikmanna eftir þjóðerni í flokknum landsbyggð fjær sem léku 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik í hverju liði.	57

Myndaskrá

Mynd 1. Fjöldi erlendra leikmanna hjá öllum liðum árin 1990 til 2016.....	16
Mynd 2. Fjöldi erlendra leikmanna að meðaltali hjá öllum liðum árin 1990 til 2016 (á myndina vantar tölur frá árinu 1993 en í tölfræði frá því tímabili vantaði upplýsingar um fjölda leikja).....	17
Mynd 3. Fjöldi erlendra leikmanna hjá liðum að meðaltali í leik skipt eftir landshlutum árin 1990 til 2016 (á myndina vantar tölur frá árinu 1993 en í tölfræði frá því tímabili vantaði upplýsingar um fjölda leikja).....	18
Mynd 4. Stig í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.	23
Mynd 5. PER í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.....	24
Mynd 6. Pace í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.	25
Mynd 7. Skotnýting í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.	26
Mynd 8. Skottilraunir í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.....	27
Mynd 9. Fráköst að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.	28
Mynd 10. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.	29
Mynd 11. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.	30
Mynd 12. Stig í leik að meðaltali hjá leikmönnum yfir allt landið.	32
Mynd 13. PER í leik að meðaltali hjá leikmönnum í allri deildinni.	33
Mynd 14. Usage % í leik að meðaltali hjá leikmönnum yfir allt landið.	34
Mynd 15. Skotnýting í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.	35
Mynd 16. Skottilraunir í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.	36
Mynd 17. Fráköst í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.	37
Mynd 18. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.....	38
Mynd 19. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.....	39
Mynd 20. Stig í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.	40
Mynd 21. PER í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.	41
Mynd 22. Usage % í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.	42
Mynd 23. Skotnýting í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.	43
Mynd 24. Skottilraunir í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.	44
Mynd 25. Fráköst í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.....	45

Mynd 26. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.	46
Mynd 27. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.	47
Mynd 28. Stig í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.....	49
Mynd 29. PER í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.....	50
Mynd 30. Usage % í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.....	51
Mynd 31. Skotnýting í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.....	52
Mynd 32. Skottíraunir í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.....	53
Mynd 33. Fráköst í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.....	54
Mynd 34. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.....	55
Mynd 35. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.....	56
Mynd 36. Stig í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.....	58
Mynd 37. PER í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.....	59
Mynd 38. Usage % í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.....	60
Mynd 39. Skotnýting í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.....	61
Mynd 40. Skottíraunir í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.....	62
Mynd 41. Fráköst í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.....	63
Mynd 42. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.....	64
Mynd 43. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.....	65

Inngangur

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er að greina frammistöðu íslenskra leikmanna á Íslandsmótinu í körfuknattleik út frá reglum varðandi fjölda erlendra leikmanna í íslenskum körfuknattleik á árunum 2012-2016. Leiktímabilið 2012-2013 var „3+2 reglan“ í gildi og frá 2013-2016 hefur „4+1 reglan“ verið í gildi. Reglan 3+2 felur í sér að þrír íslenskir leikmenn og tveir erlendir leikmenn megi vera inni á vellinum hverju sinni en „4+1 reglan“ felur í sér að fjórir íslenskir leikmenn og einn erlendir leikmaður megi vera inni á vellinum hverju sinni. Reglan 4+1 var sett á ársþingi KKÍ árið 2013 og á ársþingi árið 2015 var ákveðið að halda áfram með hana næstu tvö tímabil. Þar sem 4+1 reglan er ný af nálinni hefur lítið verið skoðað hvort reglubreytingarnar hafi haft áhrif á framlag íslenskra leikmanna milli tímabila. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að gefa einhverja mynd af því hvort frammistaða íslenskra leikmanna sé tölfræðilega betri í 3+2 reglunni eða í 4+1 reglunni. Þannig er hægt að greina að hluta hvort reglur um erlenda leikmenn beri þess merki að körfuknattleikshreyfingin sé að stíga rétt skref með þessari reglubreytingu og hvort það séu vísbendingar um að íslenskir leikmenn séu að bæta leik sinn.

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) býr yfir stórum tölfræði gagnagrunni á vefsvæði sínu. Sú tölfræði sem KKÍ getur boðið upp á gerir það að verkum að hægt er að greina framlag leikmanna eftir öllum tölfræðipáttum, eins og til dæmis stig, fráköst, stoðsendingar, skotnýting og tapaðir boltar. Stuðst var við tölfræðivefinn við gagnasöfnun um tölfræði leikmanna. Viðtöl voru tekin við þjálfara í efstu deild karla, fylgjandi 4+1 reglunni og á móti reglunni. Með því var hægt að sjá hver viðhorfin og rökin eru með og móti 4+1 regluverkinu. Þannig er hægt að fá betri mynd af því hvað er verið að kjósa um þegar kosið er um reglur varðandi fjölda erlendra leikmanna á ársþingum KKÍ.

Rannsóknarspurningin sem rannsakendur setja fram er: Hvort er frammistaða íslenskra leikmanna tölfræðilega betri í 4+1 eða í 3+2 reglunni og eru íslenskir leikmenn að bæta sig á meðan 4+1 reglan er í gildi?

Fræðileg umfjöllun

Upphaf körfuknattleiks

Körfuknattleikur var fundinn upp af Kanadamanninum Dr. James Naismith árið 1891 í Springfield í Massachusetts, BNA (Krause, 2002). Naismith fæddist 6. nóvember 1861 í Ontario-fylki í Kanada. Hann starfaði að mestu sem íþróttakennari, fékk snemma áhuga á íþróttum og náði ungur góðum árangri í nokkrum greinum. Í desember árið 1891 er hann talinn hafa fundið upp á körfuknattleik sem margir vildu kalla „Naismith-bolta“ sem Naismith sjálfur var andvígur og kom aðstoðarmaður hans Frank Mahan með hugmyndina að nafninu körfuknattleikur (Cantwell, 2004). Þegar hann var ekki ánægður með hugmyndina vöðlaði hann blaðinu saman og henti í ruslakörfuna. Það sem er þó nær sannleikanum er að Naismith var vel að sér í sögu íþróttar og sagði síðar að hann hafi meðal annars endurvakið hringinn sem mark sem þekktist úr leik indíána í Mið-Ameríku til forna, „pok-ta-tok“ (Skapti Hallgrímsson, 2001). Naismith ásamt Mahan sömdu þær 13 leikreglur sem eru enn í dag undirstöður leiksins (Laughead, 2005). Reglur leiksins hafa þróast mikið síðan leikurinn var fundinn upp. Í dag er leikurinn 40 mínútur og skipa liðin 12 leikmenn hvort, með 5 leikmenn inni á vellinum frá hvoru liði hverju sinni. Völlurinn sem leikið er á er 28 metrar að lengd og 15 metra breiður. (fcom - About FIBA - Quick facts“, e.d.;Svali H. Björgvinsson og Torfi Magnússon, 1994)

Upphafið á Íslandi

Körfuknattleikur sást fyrst á Íslandi í þeirri mynd sem hann er spilaður í dag þegar Bandaríkjaher kom til landsins og tók við hersetu af Bretum. Körfuknattleikur var stundaður víða af hermönnum, meðal annars í braggahverfum höfuðorgarinnar, í flugskýlum og íþróttahúsinu Hálogalandi sem var íþróttar og samkomuhús sem sérstaklega var byggt til að auka skemmtun hermanna hér á landi. Körfuknattleikur var leikinn af Íslendingum á þremur stöðum á landinu á árunum 1946-1950, þessir staðir voru Laugarvatn, Reykjavík og Keflavíkflugvöllur. Áður hafði verið spilaður svokallaður reitakörfuknattleikur frá árinu 1922. Það var hins vegar Bragi Magnússon sem kom frá námi í Bandaríkjunum árið 1946 og hóf að kenna við Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni 1946 sem kom með hinn rétta körfuknattleik til landsins (Skapti Hallgrímsson, 2001).

Körfuknattleikssamband Íslands, KKÍ, var stofnað árið 1961 þann 29. janúar. Þar áður hafði KKRR, Körfuknattleiksráð Reykjavíkur, stofnað 24. maí 1957, séð um málefni og störf körfuknattleiksmanna fyrir ÍSÍ (Skapti Hallgrímsson, 2001).

Saga reglna um fjölda erlendra leikmanna

Frá því að erlendir leikmenn voru fyrst leyfðir árið 1975 máttu lið hafa einn erlendan leikmann innan sinna raða (Skapti Hallgrímsson, 2001). Ári eftir að erlendir leikmenn voru leyfðir var sett sú regla að til þess að leikmenn væru löglegir þyrftu þeir að hafa búið á Íslandi í að minnsta kosti hálf ár. Þessi regla gildi í eitt ár en árið 1977 var krafa um hálf árs búsetu afnumin og var liðum heimilt að hafa einn erlendan leikmann (Skapti Hallgrímsson, 2001). Árið 1983 var ákveðið á ársþingi KKÍ að banna erlenda leikmenn á nýjan leik. Þetta bann stóð til ársins 1989 en þá var félögum aftur heimilt að nota einn erlendan leikmann (Skapti Hallgrímsson, 2001). Árið 1995 fellur hinn svokallaði Bosman dómur en með honum voru félagsskiptagjöld samningslausra leikmanna felld niður fyrir leikmenn sem skiptu um félag innan Evrópu. Einnig kom dómurinn í veg fyrir að kvóti yrði settur á fjölda evrópskra leikmanna hjá hverju liði (Binder og Findlay, 2012). Eftir að dómurinn féll máttu íslensk lið því hafa einn leikmann með vegabréf utan Evrópu og ótakmarkaðan fjölda leikmanna með evrópsk vegabréf (Skapti Hallgrímsson, 2001).

Á körfuknattleiksþingi árið 2003 var tillaga sem fól í sér að hafa ekkert takmark á fjölda leikmanna með vegabréf utan Evrópu, samþykkt. Á sama þingi var samþykkt að hafa launapak sem var 500.000 kr. á mánuði á hvert lið. Ári seinna, árið 2004, er sú tillaga samþykkt á körfuknattleiksþinginu að liðin megi einungis hafa tvo leikmenn með vegabréf utan Evrópu innan sinna raða. Launapakið var þó enn í gildi með þeim breytingum að af þeim 500.000 kr. sem lið máttu eyða í laun á mánuði máttu 300.000 kr. af því fara til erlendra leikmanna með vegabréf utan Evrópu („Ársþing KKÍ“, 2003).

Á körfuknattleiksþingi árið 2005 var reglunni um fjölda erlendra leikmanna aftur breytt og samþykkt að liðin mættu hafa einn leikmann með vegabréf utan Evrópu og ótakmarkaðan fjölda leikmanna með evrópsk vegabréf. Sú regla hélst óbreytt allt til ársins 2011 („Fækkun erlendra leikmanna samþykkt á ársþingi KKÍ“, 2005). Árið 2011 var fyrst kosið um hvort taka ætti upp 3+2 regluna en var sú tillaga

felld á jöfnu („3+2 féll á jöfnu – breyting í Iceland Express-deild kvenna“, 2011, bls. 2). Ný regla var samþykkt sem heimilaði liðum að hafa tvo leikmenn með vegabréf utan Evrópu en ekkert takmark var á erlendum leikmönnum með evrópsk vegabréf. Árið 2012, á formannafundi hjá KKÍ, var samþykkt að leikið skyldi með 3+2 regluna tímabilið 2013. Reglan hljóðar þannig að þrír leikmenn með íslensk vegabréf þyrftu að vera inni á vellinum hverju sinni („Samþykkt formannafundar KKÍ mun fækka erlendum leikmönnum“, 2012).

Samkvæmt 18. grein Reglugerða um körfuknattleiksmót setur KKÍ engar takmarkanir á fjölda erlendra leikmanna í leikmannahóp hvers liðs. Reglan sem stuðst er við er „Í úrvalsdeild karla skulu alltaf vera a.m.k. 4 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en 1 erlendur leikmaður. Ef lið á ekki 4 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 1 erlendan skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en 1 erlendur ríkisborgari á leikvelli.“ („KKÍ | Reglugerð um körfuknattleiksmót“, e.d.). Þessi regla nefnist 4+1 reglan í daglegu tali. Til viðbótar við 18. grein reglugerða um körfuknattleiksmót er ákvæði um hvenær erlendir leikmenn hætta að teljast erlendir. Ákvæðið er á þann veg að hafi leikmaður haft lögheimili á Íslandi í samfelld þrjú ár samkvæmt þjóðskrá, teljist hann ekki erlendur leikmaður. Skal leikmaður framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ og þarf KKÍ að staðfesta að hann teljist sem íslenskur leikmaður. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendur leikmaður telst erlendur leikmaður út leiktíðina. Þessi regla var sett á ársþingi árið 2013 og var svo samþykkt aftur árið 2015. Eftir henni var leikið árið 2014 og 2015 („KKÍ | Reglugerð um körfuknattleiksmót“, e.d.).

Erlendir leikmenn koma fyrst við sögu

Á 15. ársþingi KKÍ árið 1975 var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða að leyfa mætti erlenda leikmenn. Einar Bollason, þáverandi formaður KKÍ, sagði að þeir erlendu leikmenn sem myndu koma væru engir atvinnumenn heldur skiptinemar sem myndu einnig sinna þjálfun yngri flokka hjá félögunum (Skapti Hallgrímsson, 2001). Þorsteinn Hallgrímsson sem lengi sat í stjórn ÍR og var einn þeirra fáu sem voru á móti reglubreytingunni sagði að hann væri fyrst og fremst á móti þessu af fjárhagsástæðum. „Alvarlegasta vandamálið í hreyfingunni er einmitt hvernig á að samræma þá atvinnumennsku, sem er fyrir hendi, þeirri áhugamennsku sem þarf til að reka deildirnar. Hvers vegna eiga einhverjir einstaklingar úti í bæ að

fórna öllum kröftum sínum til að safna peningum fyrir einhverja stráka sem eru að leika sér í körfubolta?“ sagði Þorsteinn (Skapti Hallgrímsson, 2001). Leiktímabilið 1975-1976 léku fyrstu erlendu leikmennirnir á Íslandi. Þeir voru alls tveir erlendu leikmennirnir sem léku á Íslandi á þessu tímabili en þetta voru þeir Jimmy Rogers, sem lék með Ármanni og var sá fyrsti sem kom til landsins, og Curtis Carter sem lék með KR. Það vakti gríðarlega athygli þegar þessir leikmenn léku sína fyrstu leiki hér á landi og jókst aðsókn á leiki og var oft á tíðum fullt út úr dyrum. Erlendu leikmennirnir höfðu góð áhrif á gengi sinna liða en Ármenningar lönduðu Íslandsmeistaratitli og KR-ingar höfnuðu í 3. sæti mótsins. Carter og Rogers voru tveir stigahæstu leikmenn deildarinnar þetta tímabil en Carter setti stigamet með því að skora 451 stig í 13 leikjum eða 34,7 stig að meðaltali (Skapti Hallgrímsson, 2001).

Öll lið í efstu deild semja við erlendan leikmann

Leiktímabilið 1979 voru öll lið í úrvalsdeild karla komin með erlendan leikmann og voru þeir allir frá Bandaríkjunum. Einnig voru fjögur lið í 1. deild karla komin með erlendan leikmann þetta tímabilið. John Hudson, erlendur leikmaður KR, var einnig ráðinn þjálfari kvennaliðs félagsins og gerði þær að Íslandsmeisturum. John varð tvöfaldur Íslandsmeistari þetta tímabil því karlalið KR fagnaði einnig Íslandsmeistaratitli (Skapti Hallgrímsson, 2001).

Tímabilið 1979-1980 setti John Johnson met í úrvalsdeild karla þegar hann skoraði 71 stig í leik gegn ÍS. Metið stendur enn þann dag í dag. Danny Shouse, leikmaður Ármanns, skoraði 100 stig í leik gegn Skallagrím þetta sama tímabil en þess má geta að á þessum tíma var ekki búið að innleiða þriggja stiga regluna. Í umræddum leik Skallagríms og Ármanns skoraði Decarsta Webster 60 stig. Webster fékk síðar íslenskt ríkisfang og tók upp nafnið Ívar. Fjórum árum síðar lék Ívar sinn fyrsta A-landsleik var þá fyrsti erlendi leikmaðurinn til að leika fyrir Íslands hönd (Skapti Hallgrímsson, 2001).

Frá því að erlendir leikmenn voru leyfðir aftur árið 1989 (Skapti Hallgrímsson, 2001), hafa íslensk lið verið dugleg að semja við erlenda leikmenn. Á árunum 1990-1996 voru liðin í efstu deild með u.þ.b. einn erlendan leikmann að meðaltali innan sinna raða. Árið 1997 jókst fjöldi erlendra leikmanna og til ársins 2003 eru erlendir leikmenn um það bil 1,5 að meðaltali á hvert lið. Árið 2004 fjölgaði erlendum

leikmönnum í efstu deild töluvert og á því ári voru í deildinni vel yfir 2 erlendir leikmenn, að meðaltali, á hvert lið. Sú tala helst svipuð til ársins 2009 en eftir efnahagshrunið árið 2008, drógu félögin saman seglin og fækkaðu erlendum leikmönnum niður í 1,3 að meðaltali á hvert lið. Árið 2013 þegar 3+2 reglan er í gildi er fjöldi erlendra leikmanna u.þ.b. 2,5 að meðaltali á hvert lið en minnkar svo niður í u.þ.b. 1,5 árin sem 4+1 reglan er í gildi („Tölfræði KKÍ“, e.d.).

Hvers vegna eru erlendir leikmenn ráðnir?

Ástæðan fyrir því að lið leita að erlendum leikmönnum til að bæta lið sitt er að það er líklegt að þeir séu betri en þeir innlendu leikmenn sem fyrir eru (Baur og Lehmann, 2007). Það er mikið framboð af erlendum leikmönnum og þeir eru líklegir til að koma með nýja nálgun á leikinn sem og nýja og betri tækni. Innlendir leikmenn bæta leik sinn með því að æfa með og keppa við erlenda leikmenn sem búa yfir meiri getu en þeir sjálfir. Aukin samkeppni frá erlendum leikmönnum leiðir til þess að innlendir leikmenn leggja harðar að sér í baráttu um spilatíma. Á móti kemur að yngri leikmenn öðlast minni reynslu ef fleiri erlendir leikmenn eru í liðinu. Einnig getur það haft neikvæð áhrif á fjölda áhorfenda ef erlendir leikmenn eru fleiri þar sem áhorfendur vilja frekar sjá heimamenn spila fyrir sitt lið (Alvarez, Forrest, Sanz og Tena, 2011). Ef erlendu leikmennirnir eru hins vegar það góðir að þeir auka gæði leiksins svo um munar, getur það haft jákvæð áhrif á fjölda áhorfenda á leikjum. Í rannsókn Alvarez og félaga (2011) kemur fram að þau lönd sem höfðu fleiri erlenda leikmenn í sínum deildum stóðu sig betur í keppnum landsliða en þau sem höfðu færri erlenda leikmenn (Alvarez o.fl., 2011).

Höfuðborg, landsbyggð nær og landsbyggð fjær

Frá árinu 1990 hafa liðin í floknum landsbyggð nær verið með flesta erlenda leikmenn að meðaltali á hverju tímabili. Ástæður þess geta verið nokkrar, til dæmis færri iðkendur hjá félögunum og þar af leiðandi færri góðir leikmenn sem leiðir til lakara gengis hjá liðunum („Tölfræði KKÍ“, e.d.; Kristín Lilja Friðriksdóttir, 2015).

Í tölfræðiriti ÍSÍ frá árinu 2015 kemur fram að 25% iðkenda árið 2013 eru frá stöðum sem flokkast undir landsbyggð fjær (Kristín Lilja Friðriksdóttir, 2015). Alls 27% iðkenda komu frá félögum í floknum landsbyggð nær en 46% iðkenda

voru frá höfuðborgarsvæðinu. Þegar iðkendatölur ÍSÍ voru bornar saman við þann fjölda liða sem voru skráð í Íslandsmót á vegum KKÍ í öllum flokkum kom í ljós að fæstir iðkendur voru á hvert lið í flokknum landsbyggð fjær. Félög í flokknum höfuðborgarsvæði voru með flesta iðkendur á hvert lið („Tölfræði KKÍ“, e.d.;Kristín Lilja Friðriksdóttir, 2015).

Aðferð og gögn

Þátttakendur

Við framkvæmd þessarar rannsóknar var notast við bæði meginlega og eigindlega rannsóknaraðferð. Unnið var með tölfræði af vef Korfuknattleikssambands Íslands og tekin voru viðtöl. Rannsakendur höfðu samband við reynda þjálfara úr efstu deild karla með það að markmiði að svara spurningum rannsakenda á sem bestan máta. Tveir af þjálfaranna sem rætt var við þjálfalið á landsbyggðinni og tveir þjálfalið á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggð nær. Þeir þjálfarar sem rannsakendur tóku viðtal við voru á aldrinum 39-64 ára. Í viðtalinu var stuðst við viðtalsramma en rannsakendur spurðu hálfopinna spurninga til að fá ítarleg svör og öðlast dýpri þekkingu á viðfangsefninu.

Framkvæmd

Rannsakendur höfðu samband við starfsmenn KKÍ og fengu ábendingar um þjálfara sem væru best til þess fallnir að svara spurningum rannsakenda. Viðtölin voru tekin eftir að keppnistímabilinu var lokið í efstu deild karla, nánar tiltekið í byrjun maímánaðar. Notast var við hljóðupptökuforrit í snjallsíma þegar viðtölin voru tekin. Við tölfræðivinnsluna voru gögn tekin af vef KKÍ og safnað saman í Excel. Í Excel voru niðurstöðurnar teknar saman og þær reiknaðar. Til að auðvelda tölfræðivinnuna höfðu rannsakendur samband við tölfræðisérfræðing sem hefur verið duglegur að reikna tölfræði í íslenskum korfuknattleik. Viðkomandi sendi okkur skjal sem hann hefur hannað til þess að reikna meðal annars PER og pace hjá korfuknattleiksliðum.

Úrvinnsla/greining

Tölfræðin sem tekin var af vef KKÍ var unnin í Excel ásamt töflum og myndum. Við úrvinnslu viðtalanna hlustuðu rannsakendur á upptökuna og skrifuðu allt upp orðrétt. Að því loknu völdu rannsakendur þau svör sem svöruðu spurningum rannsakenda sem best. Allar töflur og myndir voru að lokum settar í Word ásamt svörunum úr viðtölunum. Í samantekt fyrri ára er erlendur leikmaður skilgreindur sem leikmaður sem var áður með erlent ríkisfang ásamt þeim leikmönnum sem voru með tvöfalt ríkisfang en léku ekki fyrir yngri landslið Íslands. Í greiningu síðustu fjögurra tímabila er leikmönnum skipt í þrjá flokka en flokkarnir eru íslenskir leikmenn, erlendir leikmenn og erlendir leikmenn sem léku sem íslenskir. Í

flokknum íslenskir leikmenn eru leikmenn sem fæddir eru og uppaldir á Íslandi. Erlendir leikmenn eru þeir leikmenn sem ekki hafa íslenska kennitölu og voru takmarkaðir í reglunum. Erlendir leikmenn sem léku sem Íslendingar eru þeir leikmenn sem eru upprunalega erlendir en hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt eða falla undir þriggja ára regluna.

Í þessari rannsókn eru lið flokkuð eftir landfræðilegri staðsetningu. Flokkarnir eru höfuðborgarsvæði, landsbyggð nær og landsbyggð fjær. Undir flokkinn höfuðborgarsvæði falla félög í bæjarfélögunum Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Í flokknum landsbyggð nær eru félög sem eru staðsett innan við 60 km frá Reykjavík. Í þann flokk falla félög frá bæjarfélögunum Reykjanesbæ, Grindavík, Selfoss, Hveragerði, Þorlákshöfn og Akranes eftir árið 1998. Í flokknum landsbyggð fjær eru félög frá bæjarfélögum sem eru meira en 60 km frá Reykjavík. Í þann flokk falla bæjarfélögin Borgarnes, Stykkishólmur, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri, Egilsstaðir og Akranes fyrir árið 1998.

Við úrvinnslu á tölfræðigögnum um leikmenn voru allir þeir leikmenn sem léku að meðaltali 10 mínútur eða meira notaðir. Engu skipti hvort þeir hefðu leikið 1 leik eða 22 leiki, heldur var það ef þeir náðu 10 mínútum eða meira að meðaltali í leik látið ráða. Þetta var gert til þess að ná inn öllum tölum erlendu leikmannana og því þurfti það sama að ganga yfir íslenska leikmenn.

Útskýring á stökum tölfræðipáttum

PER

Framlagseinkunn (e. Player Efficiency Rating (PER)) er einkunn leikmanna sem er miðuð við leikmínútur. PER er jákvætt framlag leikmanns inni á vellinum (dæmi: stig, fráköst og stoðsendingar) að frádregnu öllu því neikvæða sem leikmaður gerir (dæmi: tapaðir boltar, klikkuð skot) og því er deilt niður á leikmínútur. Þegar PER er reiknað er Pace deildarinnar einnig tekið með í reikninginn („Calculating PER“, e.d.).

Pace

Hraði leiks (e. Pace) áætlar hversu margar sóknir lið fær á hverjar 48 leikmínútur („Glossary“, e.d.).


Usage %

Notagildis prósentu (e. Usage%) áætlar hversu mörg prósent sókna liðs viðkomandi leikmaður bindur enda á („Glossary“, e.d.).

Niðurstöður


Niðurstöður I. hluti

Samantekt erlendra leikmanna




Mynd 1. Fjöldi erlendra leikmanna hjá öllum liðum árin 1990 til 2016.

Þessi mynd sýnir hve margir erlendir leikmenn léku í efstu deild karla á hverju leiktímabili árin 1990-2016. Flestir erlendir leikmenn voru í deildinni tímabilið 2008 en þá voru þeir alls 55 í 12 liðum. Fæstir voru þeir árið 1990 í 10 liða deild, alls 14 talsins. Mikil fækkun varð á erlendum leikmönnum árið 2009 og er efnahagshrunið stór ástæða þess. Þegar 3+2 reglan var í gildi voru erlendir leikmenn alls 49 árið 2012 og 50 talsins árið 2013. Við breytinguna í 4+1 regluna fækkaði erlendum leikmönnum um 22 talsins á milli tímabila, úr 50 í 28. Síðustu tvö ár sem reglan hefur verið í gildi hafa erlendir leikmenn verið 29 og 26.



Mynd 2. Fjöldi erlendra leikmanna að meðaltali hjá öllum liðum árin 1990 til 2016 (á myndina vantar tölur frá árinu 1993 en í tölfraði frá því tímabili vantaði upplýsingar um fjölda leikja).

Myndin sýnir hve margir erlendir leikmenn léku í hverju liði í hverjum leik að meðaltali eftir tímabilum. Árin 1990, 1991, 1994 og 1995 náði meðaltalið ekki einum erlendum leikmanni á hvert lið. Árið 1996 fór meðtalið í 1,06 og hefur meðaltalið haldist yfir einum síðan þá. Árið 2004 jókst meðtalið í 2,37 úr 1,56 frá árinu áður. Flestir voru erlendu leikmennirnir árið 2008 en þá var hvert lið með 2,69 erlenda leikmenn í hverjum leik. Þegar 3+2 reglan var í gildi voru erlendu leikmennirnir 2,5 og 2,47 að meðaltali hjá hverju liði en 1,28 og 1,62 þegar 4+1 reglan var í gildi.



Mynd 3. Fjöldi erlendra leikmanna hjá liðum að meðaltali í leik skipt eftir landshlutum árin 1990 til 2016 (á myndina vantar tölur frá árinu 1993 en í tölfræði frá því tímabili vantaði upplýsingar um fjölda leikja).

Þessi tafla sýnir hversu marga erlenda leikmenn lið notuðu í hverjum leik að meðaltali árin 1990-2015. Liðin voru flokkuð niður eftir landshlutum og skiptast þau í höfuðborgarsvæði, landsbyggð nær (<60 km frá Reykjavík) og landsbyggð fjær (>60km frá Reykjavík). Árið 2011 léku flestir erlendir leikmenn að meðaltali í hverjum leik fyrir lið í flokknum landsbyggð fjær eða 3,31 að meðaltali en sama ár voru leikmennirnir 1,92 hjá liðum á höfuðborgarsvæðinu og 1,77 hjá liðum í flokknum landsbyggð nær. Þegar 3+2 var í gildi árin 2012 og 2013 og er þau einu árin ásamt árunum 1990, 1992 og 2005 þar sem lið á höfuðborgarsvæðinu voru með flesta erlenda leikmenn að meðaltali í leik. Frá því að 4+1 reglan var samþykkt hafa lið á höfuðborgarsvæðinu (1,11 og 1,43) spilað færri erlendum leikmönnum að meðaltali í hverjum leik en lið á landsbyggðinni („Úrvalsdeild karla“, e.d.;, Tölfræði KKI“, e.d.).

Samantekt liða

Tafla 1. Fjöldi leikmanna í efstu deild frá 2012 til 2016

Fjöldi leikmanna í efstu deild					
Ár	2012	2013	2014	2015	2016
Fjöldi leikmanna	224	234	219	228	230

Þessi tafla sýnir hversu margir leikmenn voru skráðir í efstu deild karla árin 2012-2015. Flestir leikmenn voru skráðir árið 2013 eða alls 234 en þá var 3+2 reglan í gildi. Alls voru 219 leikmenn skráðir árið 2014 þegar 4+1 reglan var í gildi en árið 2015 voru leikmennirnir 228 talsins.

Tafla 2. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKÍ árið 2012 í meistaraflokki karla.

	2012			
	Fjöldi liða	Höfuðborg	Landsbyggð nær	Landsbyggð fjær
Úrvalsdeild	12	6	4	2
1. deild	10	2	4	4
2. deild*	18	8	1	9
B liða keppni	6	4	2	0
Samtals	46	20	11	15

*leikið var í tveimur riðum

Árið 2012 var 3+2 reglan. Fjöldi liða var 46 í öllum keppnum. 20 lið voru af höfuðborgarsvæðinu, 11 frá landsbyggð nær og 15 lið frá landsbyggð fjær. Í úrvalsdeildinni voru 6 lið frá höfuðborgarsvæðinu, 4 frá landsbyggð nær og 2 lið af landsbyggð fjær. Í 1. deildinni voru 2 lið af höfuðborgarsvæðinu, 4 lið frá landsbyggð nær og 4 lið frá landsbyggð fjær.

Tafla 3. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKI árið 2013 í meistaraflokki karla.

2013				
	Fjöldi liða	Höfuðborg	Landsbyggð nær	Landsbyggð fjær
Úrvalsdeild	12	4	4	4
1. deild	10	4	4	2
2. deild*	17	9	1	7
B liða keppni	6	3	2	1
Samtals	45	20	11	14

*leikið var í tveimur riðlum

Árið 2013 var 3+2 reglan. Alls voru 45 lið skráð til keppni. 20 lið voru af höfuðborgarsvæðinu, 11 af landsbyggð nær og 14 lið frá landsbyggð fjær. Í úrvalsdeildinni voru 4 lið af höfuðborgarsvæðinu, 4 lið frá landsbyggð nær og 4 lið frá landsbyggð fjær. Í 1. deildinni voru 4 lið af höfuðborgarsvæðinu, 4 lið frá landsbyggð nær og 2 lið frá landsbyggð fjær.

Tafla 4. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKI árið 2014 í meistaraflokki karla.

2014				
	Fjöldi liða	Höfuðborg	Landsbyggð nær	Landsbyggð fjær
Úrvalsdeild	12	5	4	3
1. deild	10	4	3	3
2. deild*	14	8	2	4
B liða keppni	5	3	1	1
Samtals	41	20	10	11

*leikið var í tveimur riðlum

Árið 2014 er fyrsta árið eftir breytingar frá 3+2 reglunni í 4+1 regluna. 41 lið var skráð til leiks og voru 20 lið af höfuðborgarsvæðinu, 10 frá landsbyggð nær og 11 frá landsbyggð fjær. Í úrvalsdeild voru 5 lið frá höfuðborgarsvæðinu, 4 frá landsbyggð nær og 3 frá landsbyggð fjær. 1. deildin var skipuð 4 liðum frá höfuðborgarsvæðinu, 3 liðum frá landsbyggð nær og 3 liðum frá landsbyggð fjær.

Tafla 5. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKÍ árið 2015 í meistaraflokki karla.

2015				
	Fjöldi liða	Höfuðborg	Landsbyggð nær	Landsbyggð fjær
Úrvalsdeild	12	5	4	3
1. deild	8	2	3	3
2. deild*	15	9	2	4
B liða keppni	7	4	3	0
Samtals	42	20	12	10


*leikið var í tveimur riðlum

Árið 2015 var annað árið sem spilað var eftir 4+1 reglunni. 42 lið voru skráð til leiks og voru 20 af höfuðborgarsvæðinu, 12 frá landsbyggð nær og 10 frá landsbyggð fjær. Í úrvalsdeildinni voru 5 lið af höfuðborgarsvæðinu, 4 lið frá landsbyggð nær og 3 lið frá landsbyggð fjær. 1. deildin var skipuð 2 liðum frá höfuðborgarsvæðinu, 3 af landsbyggð nær og 3 liðum frá landsbyggð fjær.

Tafla 6. Fjöldi liða í keppnum á vegum KKÍ árið 2016 í meistaraflokki karla.


2016				
	Fjöldi liða	Höfuðborg	Landsbyggð nær	Landsbyggð fjær
Úrvalsdeild	12	4	5	3
1. deild	10	4	3	3
2. deild	10	6	2	2
3. deild	10	4	1	5
Samtals	42	18	11	13

Árið 2016 er þriðja árið sem spilað er eftir 4+1 reglunni. 42 lið eru skráð til keppni og eru 18 þeirra af höfuðborgarsvæðinu, 11 af landsbyggð nær og 13 af landsbyggð fjær. Í úrvalsdeild eru 4 lið af höfuðborgarsvæðinu, 5 af landsbyggð nær og 3 af landsbyggð fjær. 1. deildin er með 4 lið af höfuðborgarsvæðinu og sitthvor 3 frá landsbyggð nær og fjær.




Mynd 4. Stig í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.

Á mynd 4 má sjá hversu mörg stig lið skoruð að meðaltali í hverjum leik. Liðin eru flokkuð eftir landshlutum og má sjá hvernig stigaskorunin breytist milli ára. Flest stig voru skoruð að meðtali (88,8) í allri deildinni leiktímabilið 2013 þegar 3+2 reglan var í gildi. Minnst var skorað á nýliðnu tímabili eða 84,9 stig að meðtali. Stigaskorun hjá liðum í flokknum landsbyggð nær fer lækkandi með hverju árinu en samtals hefur stigaskor dregist saman um 7,7 stig að meðaltali frá leiktímabilinu 2013. Hjá liðum á höfuðborgarsvæðinu var stigaskorið mjög svipað tímabilin 2013, 2014 og 2016 en fór mest upp í 88,9 stig að meðaltali tímabilið 2014. Lið í flokknum landsbyggð fjær skora 82,3 stig að meðaltali tímabilið 2016 sem er lægsta stigaskorið í öllum flokkum yfir þessi fjögur tímabil.




Mynd 5. PER í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.

Mynd 5 sýnir PER að meðaltali í leik hjá liðum eftir landshlutum og tímabilum. PER að meðaltali í deild er alltaf 15. Lið á höfuðborgarsvæðinu tímabilið 2016 voru með hæsta PER (15,9) í öllum flokkum öll tímabilin. Á höfuðborgarsvæðinu var PER lægst (14,5) tímabilið 2013. Í flokknum landsbyggð fjær var PER áberandi lægst tímabilið 2016 (12,4). Í flokknum landsbyggð fjær var PER yfir 15 öll tímabilin sem rannsökuð voru.




Mynd 6. Pace í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.

Á mynd 6 má sjá Pace í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum. Pace í deildinni allri var mest (85,3) árið 2013 þegar 3+2 reglan var í gildi en lækkaði fyrsta árið sem 4+1 reglan var í gildi niður í 84,8. Tímabilið 2016 tók Pace dýfu niður í 83,4. Hjá liðum á höfuðborgarsvæðinu var Pace það sama (84,6) tímabilin 2013 og 2014 en jókst upp í 85,2 tímabilið 2015. Pace var lægst hjá liðum á höfuðborgarsvæðinu tímabilið 2016 (83,31). Hjá liðum í floknum landsbyggð nær var Pace hæst árið 2013 en hefur svo lækkað á hverju tímabili síðan og var Pace 84 tímabilið 2016. Lægsta Pace í öllum flokkum öll tímabil var tímabilið 2016 (82,5) hjá liðum í floknum landsbyggð nær.




Mynd 7. Skotnýting í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.

Á mynd 7 má sjá hvernig skotnýting liða hefur verið síðustu fjögur tímabil. Myndin er flokkuð eftir landshlutum og tímabilum. Árið 2014 hittu lið í flokknum landsbyggð nær best (46,1%) af þessum þremur flokkum yfir öll tímabilin. Versta skotnýtingin (41,7%) var hjá liðum í flokknum landsbyggð fjær tímabilið 2016. Heildarnýting í allri deildinni var best (44,8%) tímabilið 2015 en verst (43,1%) tímabilið 2016.




Mynd 8. Skottíraunir í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.

Á mynd 8 sést hvernig fjöldi skottírauna að meðaltali þróaðist milli ára í flokkum eftir landshlutum. Tímabilin 2013, 2015 og 2016 voru skottíraunir í allri deildinni rúmlega 72 að meðaltali en alls 73,5 að meðaltali tímabilið 2014. Lið á höfuðborgarsvæðinu reyndu fæst (70,5) skot af öllum flokkum að meðaltali tímabilið 2013 en flest tímabilið 2014 (74,9). Lið í flokknum landsbyggð fjær tóku færri skot að meðaltali öll fjögur árin en meðaltalið var í deildinni allri.




Mynd 9. Fraköst að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.

Á mynd 9 má sjá hvernig liðin voru að frákasta síðustu fjögur tímabil eftir landshlutum. Öll tímabilin hafa lið verið að sækja á bilinu 40-43 fraköst að meðaltali að undanskildum tveimur tímabilum þar sem liðin á höfuðborgarsvæðinu (2013) tóku 38,1 fraköst að meðaltali og lið í landsbyggð nær (2014) tóku 39,1 fraköst að meðaltali.



Mynd 10. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.

Mynd 10 sýnir hversu margar stoðsendingar lið deildarinnar gáfu síðustu fjögur tímabil og eru liðin flokkuð eftir landshlutum. Liðin á höfuðborgarsvæðinu hafa fjölgað stoðsendingum á hverju ári síðan 2013, úr 17,8 að meðtali í 20,5. Lið í flokknum landsbyggð nær gáfu flestar stoðsendingar tímabilið 2014 en lið á landsbyggð fjær gáfu fæstu stoðsendingar að meðaltali sama tímabil. Ef stoðsendingar hjá öllum liðum deildarinnar eru skoðaðar má sjá að flestar stoðsendingar voru gefnar að meðaltali í leik tímabilið 2015 en fæstar tímabilið 2013.



Mynd 11. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá liðum eftir landshlutum.

Á mynd 11 má sjá hversu mörgum boltum liðin töpuðu tímabilin 2013-2016 og er liðum skipt í flokka eftir landshlutum. Töpuðum boltum hefur fækkað í deildinni allri frá 2013 en það tímabil töpuðu liðin 14,9 boltum að meðaltali. Liðin á höfuðborgarsvæðinu töpuðu flestum boltum (15,2) tímabilið 2013 en fæstum (14,5) tímabilið 2016. Lítil breyting hefur verið á fjölda tapaðra bolta að meðaltali hjá liðum í flokknum landsbyggð nær en liðin töpuðu flestum boltum tímabilið 2015 (14,7) en fæstum árið eftir, alls 14,4 að meðaltali. Lið á landsbyggð fjær fækkuðu töpuðum boltum um tæplega 2 að meðaltali á tveimur tímabilum árin 2014-2016.


Samantekt um leikmenn

Allt landið

Tafla 7. Fjöldi leikmanna eftir þjóðerni í allri deildinni sem léku 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik í hverju liði.


Allt landið	2013	2014	2015	2016
Íslenskir leikmenn	6,2	7,3	7,4	7,5
Erlendir leikmenn	3,6	1,9	1,8	1,6
Erlendir leikmenn sem íslenskir	1,4	1,0	1,1	1,1
Hve mörg lið með erlenda leikmenn sem íslenska	5	4	7	7

Í töflu 7 má sjá hversu margir leikmenn léku 10 mínútur eða meira yfir tímabilin fjögur í allri deildinni. Leikmönnum er skipt í þrjú flokka eftir þjóðerni. Þegar 3+2 reglan var í gildi tímabilið 2013 léku 6,2 íslenskir leikmenn 10 mínútur eða meira að meðaltali hjá hverju liði en þeim fjölgaði um 1,1 að meðaltali þegar 4+1 reglan var tekin í gildi tímabilið 2014. Íslensku leikmönnum fjölgaði svo um 0,1 að meðaltali milla tímabili frá 2014-2016. Alls 3,6 erlendir leikmenn léku 10 mínútur eða meira að meðaltali hjá hverju liði tímabilið 2013 en eftir reglubreytingu fækkaði þeim niður í 1,9 tímabilið eftir. Tímabilið 2016 voru þeir 1,6 að meðaltali hjá hverju liði. Alls voru 5 lið af þeim 12 sem leika í deildinni með erlendan leikmann sem lék sem Íslendingur tímabilið 2013. Liðunum með erlendan leikmann sem lék sem Íslendingur fækkaði niður í fjögur tímabilið 2014 en fjölgaði í 7 tímabilin 2015 og 2016.




Mynd 12. Stig í leik að meðaltali hjá leikmönnum yfir allt landið.

Mynd 12 sýnir þróun í stigaskori að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn í allri deildinni. Þegar 3+2 reglan var í gildi, tímabilið 2013, skoruðu íslenskir leikmenn 7,6 stig að meðaltali í leik. Eftir að 4+1 reglan tók gildi jókst stigaskor íslenskra leikmanna í 8,8 stig að meðaltali í leik. Tímabilin 2015 og 2016 minnkaði hins vegar stigaskor íslenskra leikmanna, fyrst niður í 8,4 stig að meðaltali tímabilið 2015 og svo niður í 7,9 stig að meðaltali tímabilið 2016. Stigaskor erlendra leikmanna hefur aukist ár frá ári tímabilin 2013-2016. Alls skoruðu erlendir leikmenn 17,5 stig að meðaltali tímabilið 2013 en tímabilið 2016 skoruðu þeir 23 stig að meðaltali í leik. Stigaskor erlendra leikmanna sem leika sem íslenskir leikmenn var minnst tímabilið 2013 þegar 3+2 reglan var í gildi eða 13,6 stig að meðaltali. Eftir reglubreytingu jókst stigaskor þeirra um rúmlega 5 stig að meðaltali, upp í 18,7 að meðaltali. Tímabilið 2015 minnkaði stigaskor þeirra niður í 13,8 stig að meðaltali og var 14,3 stig tímabilið 2016.




Mynd 13. PER í leik að meðaltali hjá leikmönnum í allri deildinni.

Á mynd 13 má sjá þróun í PER að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn í allri deildinni. Íslenskir leikmenn voru með 11,3 í PER að meðaltali í leik tímabilið 2013. Eftir reglubreytingu jókst PER hjá þeim upp í 12,6 að meðaltali en síðustu tvö tímabil hefur PER að meðaltali farið minnkandi, alls 12,3 tímabilið 2015 og 12 tímabilið 2016. PER að meðaltali í leik hjá erlendum leikmönnum var 21 tímabilið 2013 og hefur farið hækkandi ár frá ári síðan þá og var 27,8 tímabilið 2016. Þróunin hjá erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir var sú sama og hjá íslensku leikmönnum. Sem sagt, PER hækkaði við reglubreytinguna (úr 19 í 20,9) en minnkaði svo tímabilin eftir það (úr 20,8 í 16,9).




Mynd 14. Usage % í leik að meðaltali hjá leikmönnum yfir allt landið.

Mynd 14 sýnir þróun í Usage % að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn yfir allt landið. Usage % íslenskra leikmanna hækkaði við reglubreytinguna árið 2013 úr 14,9% í 16% að meðaltali í leik. Tímabilið 2015 hækkaði Usage prósentan enn frekar eða í 16,2% en lækkaði svo aftur tímabilið 2016 í 15,6%. Hjá erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir var Usage prósentan 17,8% tímabilið 2013 en hækkaði upp í 22,7% tímabilið 2014. Tímabilin 2015 og 2016 lækkaði hún og var 20% tímabilið 2016. Usage prósentan erlendra leikmanna hækkaði einnig við reglubreytinguna, úr 22,2% í 26,7% tímabilið 2014.




Mynd 15. Skotnýting í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.

Á mynd 15 má sjá þróun skotnýtingar að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á öllu landinu. Þegar 3+2 reglan var í gildi var skotnýting íslenskra leikmanna 39,1% að meðaltali í leik en jókst upp í 42,4% fyrsta árið sem 4+1 reglan var í gildi. Seinni tvö árin í 4+1 reglunni minnkaði skotnýtingin bæði tímabilin og var 41,9% tímabilið 2015 en 40,9% tímabilið 2016. Erlendir leikmenn sem leika sem íslenskir voru með bestu nýtingu tímabilið 2013 (46,7%) en verstu nýtingu tímabilið 2016 (39,5%). Skotnýting jókst ár frá ári, úr 46,6% að meðaltali tímabilið 2013 í 50,6% tímabilið 2016.




Mynd 16. Skottíraunir í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.

Á mynd 16 má sjá þróun í fjölda skottírauna að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð fjær. Íslenskir leikmenn tóku fæstu skot að meðaltali leikmanna deildarinnar öll fjögur tímabilin. Íslendingarnir tóku fæst skot að meðaltali í leik tímabilið 2013 (6,7) en flest tímabilið eftir (7,4). Þegar 3+2 reglan var í gildi tóku erlendu leikmenn liðanna 13,5 skot að meðaltali í leik sem jókst í 17,6 skot tímabilið eftir. Erlendir leikmenn sem léku sem íslenskir tóku flest skot að meðaltali tímabilið 2014 (15) en fæst skot að meðaltali tímabilið 2015.




Mynd 17. Fráköst í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.

Mynd 17 sýnir þróun í fjölda skottírauna að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á öllu landinu. Erlendir leikmenn deildarinnar tóku flest fráköst að meðaltali öll tímabilin fjögur. Þeir tóku 7,4 fráköst að meðaltali í leik tímabilið 2013 en mest tóku þeir 10,1 fráköst að meðaltali yfir eitt tímabil (2015). Íslenskir leikmenn fráköstuðu best tímabilið 2014 (4) en verst tímabilið 2013 (3,4). Erlendir leikmenn sem léku sem íslenskir tóku flest fráköst tímabilið 2014 (7,5) en þeim fækkaði næstu tvö tímabil niður í 5,6 að meðaltali í leik.



Mynd 18. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.

Á mynd 18 má sjá þróun í fjölda stoðsendinga að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á öllu landinu. Íslenskir leikmenn gáfu færstar stoðsendingar að meðaltali í leik þegar 3+2 reglan var í gildi (1,6) en hækkuðu meðaltalið bæði tímabilin 2014 (2) og 2015 (2,2). Tímabilið 2013 gáfu erlendir leikmenn flestar stoðsendingar (3,2) í deildinni að meðaltali í leik en sama tímabil gáfu erlendir leikmenn sem leika sem Íslendingar 2,7 stoðsendingar að meðaltali.



Mynd 19. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á öllu landinu.


Á mynd 19 má sjá þróun í fjölda tapaðra bolta að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á öllu landinu. Eins og myndin sýnir hefur lítil breyting verið á fjölda tapaðra bolta í deildinni síðustu fjögur tímabil. Mesta breytingin er hjá erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir en tapaðir boltar aukast úr 1,9 að meðaltali (2013) í 2,5 tímabilið 2014.

Höfuðborgarsvæði

Tafla 8. Fjöldi leikmanna eftir þjóðerni á höfuðborgarsvæðinu sem léku 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik í hverju liði.


Höfuðborgarsvæðið	2013	2014	2015	2016
Íslenskir leikmenn	6,5	7,2	7,8	7,5
Erlendir leikmenn	3,5	2,0	1,6	1,3
Erlendir leikmenn sem íslenskir	1,5	1,0	1,0	1,0
Hve mörg lið með erlenda leikmenn sem íslenska	2 af 4	1 af 5	2 af 5	2 af 4

Tafla 8 sýnir hve margir leikmenn léku 10 mínútur eða meira tímabilin fjögur í liðum á höfuðborgarsvæðinu. Leikmönnum er skipt í þrjá flokka eftir þjóðerni. Alls léku 6,5 íslenskir leikmenn 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik tímabilið 2013 þegar 3+2 reglan var í gildi. Eftir að 4+1 reglan var tekin í gildi fjölgaði íslenskum leikmönnum um 0,7 að meðaltali hjá hverju liði. Tímabilið 2015 léku 7,8 íslenskir leikmenn 10 mínútur eða meira að meðaltali sem er það mesta yfir tímabilin fjögur á höfuðborgarsvæðinu. Erlendir leikmenn voru alls 3,5 að meðaltali hjá hverju liði tímabilið 2013 en þeim hefur fækkað stöðugt síðan og voru þeir orðnir 1,3 að meðaltali tímabilið 2016. Lið á höfuðborgarsvæðinu voru með 1,5 erlendan leikmann sem lék sem Íslendingur að meðaltali 2013 en síðan þá hafa þeir verið alls 1 að meðaltali.




Mynd 20. Stig í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 20 sýnir þróun í stigaskori að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á höfuðborgarsvæðinu. Íslenskir leikmenn skoruðu 8 stig að meðaltali í leik þegar 3+2 reglan var í gildi en við reglubreytingu jókst stigaskorið í 9,2 stig að meðaltali. Tímabilin 2015 og 2016 var stigaskor íslenskra leikmanna 8,7 stig að meðaltali í leik. Erlendir leikmenn skoruðu 15,1 stig að meðaltali í leik tímabilið 2013 en eftir reglubreytingu jókst stigaskor þeirra um 7 stig að meðaltali (21,1 stig). Stigaskor erlendra leikmanna hélt áfram að aukast tímabilin 2015 (22,2) og 2016 (22,8). Erlendir leikmenn sem léku sem íslenskir voru ekki langt frá erlendum leikmönnum í stigaskori 2013 en alls skoruðu þeir 15 stig að meðaltali í leik. Við reglubreytingu árið 2014 jókst stigaskor þeirra í 19,2 stig að meðaltali í leik en síðustu tvö tímabil hefur það lækkað í 12,6 (2015) og 11,8 (2016).




Mynd 21. PER í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.

Á mynd 21 má sjá þróun í PER að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir reglubreytinguna voru erlendir leikmenn sem leika sem íslenskir með hærra PER að meðaltali í leik (19,9) en erlendu leikmennirnir (18,4). PER hjá erlendum leikmönnum hefur hækkað öll tímabilin og var 29,5 tímabilið 2016. PER íslenskra leikmanna hækkaði um 1,1 að meðaltali í leik við reglubreytingu en er nú 13,6 að meðaltali sem er það hæsta sem það hefur verið frá 2013.




Mynd 22. Usage % í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 22 sýnir þróun í Usage % að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á höfuðborgarsvæðinu. Erlendir leikmenn sem léku sem íslenskir voru með hæstu Usage prósentuna tímabilið 2014 (27,7%) en öll hin tímabilin voru erlendu leikmennirnir með hæstu prósentuna. Usage prósentu íslensku leikmannana var hæst tímabilið 2015 (17,3%) en lægst tímabilið 2013 (16,1%).




Mynd 23. Skotnýting í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.

Á mynd 23 má sjá þróun í skotnýtingu að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á höfuðborgarsvæðinu. Skotnýtingin var hæst hjá erlendum leikmönnum öll fjögur tímabilin. Skotnýting íslenskra leikmanna varð betri ár frá ári en hún var 37,6% að meðaltali í leik tímabilið 2013 en var komin í 43% tímabilið 2016. Skotnýting erlendra leikmanna sem leika sem íslenskir fór úr 44,3% að meðaltali tímabilið 2015 niður í 31,2% tímabilið 2016.




Mynd 24. Skotttilraunir í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 24 sýnir þróun skottilrauna að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsta árið sem 4+1 reglan var í gildi tóku erlendir sem íslenskir 15,8 skot að meðaltali í leik en tímabilin 2015 (10,1) og 2016 (9,3) fór skottilraununum fækkandi. Íslensku leikmennirnir tóku flest skot tímabilið 2014, alls 8 að meðaltali í leik.




Mynd 25. Fráköst í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.

Á mynd 25 má sjá þróun í fráköstum að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á höfuðborgarsvæðinu. Íslenskir leikmenn tóku fleiri fráköst en erlendir leikmenn sem léku sem íslenskir öll árin sem 4+1 reglan var í gildi. Þessi sömu þrjú tímabil voru erlendu leikmennirnir með yfirburði í fráköstum og tóku á bilinu 11-11,4 fráköst að meðaltali tímabilin 2014-2016.



Mynd 26. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 26 sýnir þróun í stoðsendingum að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á höfuðborgarsvæðinu. Lítil breyting var milli ára hjá erlendum leikmönnum og íslenskum leikmönnum en mesta breytingin var hjá erlendum leikmönnum sem léku sem íslenskir tímabilið 2014. Tímabilið 2014 gáfu þeir 6,9 stoðsendingar að meðaltali í leik samanborið við 3,2 árið áður og 3,9 árið eftir.



Mynd 27. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu.


Mynd 27 sýnir þróun í töpuðum boltum að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi tapaðra bolta stóð nánast í stað hjá íslenskum og erlendum leikmönnum en tók stökk hjá erlendum leikmönnum sem léku sem íslenskir. Þeir töpuðu alls 4,2 boltum að meðaltali tímabilið 2014.

Landsbyggð nær

Tafla 9. Fjöldi leikmanna eftir þjóðerni í flokknum landsbyggð nær sem léku 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik í hverju liði.


Landsbyggð nær	2013	2014	2015	2016
Íslenskir leikmenn	6,3	7,5	7,8	7,4
Erlendir leikmenn	3,0	1,5	2,3	1,8
Erlendir leikmenn sem íslenskir	1,0	1,0	1,0	1,0
Hve mörg lið með erlenda leikmenn sem íslenska	2 af 4	2 af 4	3 af 4	2 af 5

Í töflu 9 má sjá hve margir leikmenn léku 10 mínútur eða meira yfir tímabilin fjögur í liðum í flokknum landsbyggð nær. Leikmönnum er skipt í þrjú flokka eftir þjóðerni. Þegar 3+2 reglan var í gildi léku alls 6,3 íslenskir leikmenn 10 mínútur eða meira að meðaltali hjá hverju liði á landsbyggð nær. Við reglubreytinguna fjölgaði þeim upp í 7,5 að meðaltali tímabilið 2014 og fjölgaði svo aftur um 0,3 tímabilið 2015. Erlendir leikmenn voru 3 að meðaltali hjá hverju liði tímabilið 2013 en fækkaði svo um helming tímabilið 2014. Tímabilið 2015 voru erlendir leikmenn orðnir 2,3 að meðaltali og þeir voru 1,8 tímabilið 2016. Erlendir leikmenn sem leika sem íslenskir leikmenn voru alls 1 að meðaltali öll fjögur tímabilin. Af þeim fjórum liðum sem léku í deildinni úr flokknum landsbyggð nær tímabilin 2013 og 2014 voru tvö með erlenda leikmenn sem léku sem íslenskir. Liðin voru orðin þrjú tímabilið 2015 en tímabilið 2016 voru 2 lið af 5 með erlendan leikmann sem lék sem íslenskur.




Mynd 28. Stig í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.

Mynd 28 sýnir þróun í stigaskori að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð nær. Íslenskir leikmenn skoruðu 7,1 stig að meðaltali 2013 þegar 3+2 reglan var í gildi en fyrsta tímabilið sem 4+1 reglan var í gildi var stigaskorið 9,1 stig að meðaltali. Síðustu tvö tímabil var stigaskorið 8 stig (2015) og 8,6 (2016) að meðaltali. Erlendir leikmenn sem leika sem íslenskir leikmenn juku stigaskor sitt að meðaltali frá 2013 til 2014 úr 15,6 stigum í 18,1 að meðaltali. Tímabilið 2014 minnkaði stigaskor þeirra niður í 12,9 en jókst aftur árið 2016 í 15,7 stig að meðaltali í leik. Erlendir leikmenn deildarinnir juku stigaskor sitt ár frá ári tímabilin 2013-2015 úr 18,7 stigum í 22,7 að meðaltali. Tímabilið 2016 minnkaði það örlítið eða í 22,5 stig að meðaltali í leik.




Mynd 29. PER í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.

Á mynd 29 má sjá þróun í PER að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð nær. PER íslenskra leikmanna hækkaði um 2,4 að meðaltali við reglubreytingu en minnkaði svo aftur niður í 12,2 tímabilið 2014. Tímabilið 2016 var PER íslenskra leikmanna 12,6 að meðaltali í leik. PER erlendra leikmanna sem leika sem íslenskir hefur minnkað um u.þ.b. 2 að meðaltali frá 2013 þegar það var 22,1 til tímabilsins 2016 (16,5). PER erlendra leikmanna hefur hækkað um rúmlega 4 að meðaltali frá árinu 2013 (22,2) til tímabilsins 2016 (26,3).




Mynd 30. Usage % í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.

Mynd 30 sýnir þróun í Usage % að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð nær. Usage % íslenskra leikmanna var mest tímabilið 2016 (17,9%) en minnst tímabilið 2015 (15,5%). Við reglubreytinguna jókst Usage prósentu íslenskra leikmanna úr 15,7% í 17,5% að meðaltali í leik. Erlendir leikmenn juku Usage prósentu sína eftir reglubreytinguna úr 25,2% í 27,4%. Hæsta Usage prósentan hjá erlendum leikmönnum var tímabilið 2016 þegar hún var 28,9%. Erlendir leikmenn sem leika sem íslenskir juku Usage prósentu sína við reglubreytinguna en tímabilin eftir það minnkaði hún aftur.




Mynd 31. Skotnýting í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.

Á mynd 31 má sjá þróun skotnýtingar að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð nær. Íslenskir leikmenn voru með verstu skotnýtingu leikmanna deildarinnar öll fjögur tímabilin. Skotnýting erlendra leikmanna sem leika sem íslenskir var best árið 2013 (54,1%) en versnaði öll árin og var komin í 45,6% tímabilið 2016.




Mynd 32. Skottilaunir í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.

Á mynd 32 má sjá þróun skottilauna að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð nær. Íslenskir leikmenn tóku fæst skot að meðaltali af leikmönnum deildarinnar yfir tímabilin fjögur en erlendir leikmenn tóku flest skot öll tímabilin. Íslenskir leikmenn tóku flest skot að meðaltali í leik tímabilið 2016 (7,4) en fæst tímabilið 2013 (6,1).




Mynd 33. Fráköst í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.

Á mynd 33 má sjá þróun í fráköstum að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð nær. Íslenskir leikmenn tóku fæst fráköst (3) að meðaltali í leik tímabilið 2013 en flest árið eftir, alls 3,8 að meðaltali. Erlendir leikmenn tóku 7,3 fráköst að meðaltali tímabilið 2015 en juku þau upp í 10,4 að meðaltali tímabilið 2016.



Mynd 34. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.

Á mynd 34 má sjá þróun stoðsendinga að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð nær. Tímabilið 2015 gáfu íslenskir leikmenn (2) fleiri stoðsendingar en erlendir sem léku sem íslenskir (1,5). Erlendu leikmennirnir gáfu flestar stoðsendingar að meðaltali í leik leikmanna deildarinnar öll tímabilin.



Mynd 35. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð nær.


Á mynd 35 má sjá þróun í töpuðum að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð nær. Íslenskir leikmenn töpuðu fæstum boltum öll tímabilin fjögur en erlendir leikmenn töpuðu flestum. Alls töpuðu íslenskir leikmenn 1,3 boltum að meðaltali í leik í 3+2 reglunni en 1,5 þegar 4+1 reglan tók gildi. Tímabilið 2016 jukust tapaðir boltar hjá erlendum leikmönnum sem léku sem Íslendingar um 0,6 frá tímabilinu áður.

Landsbyggð fjær

Tafla 10. Fjöldi leikmanna eftir þjóðerni í flokknum landsbyggð fjær sem léku 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik í hverju liði.


Landsbyggð fjær	2013	2014	2015	2016
Íslenskir leikmenn	5,8	7,0	6,3	7,7
Erlendir leikmenn	4,0	2,3	1,3	1,7
Erlendir leikmenn sem íslenskir	2,0	1,0	1,5	1,3
Hve mörg lið með erlenda leikmenn sem íslenska	1 af 4	1 af 3	2 af 3	3 af 3

Tafla 10 sýnir hversu margir leikmenn léku 10 mínútur eða meira yfir tímabilin fjögur í liðum í flokknum landsbyggð fjær. Leikmönnum er skipt í þrjú flokka eftir þjóðerni. Tímabilið 2013 þegar 3+2 reglan var í gildi léku 5,8 íslenskir leikmenn 10 mínútur eða meira að meðaltali hjá hverju liði. Erlendu leikmennirnir voru alls 4 að meðaltali hjá hverju liði sama tímabil en erlendir leikmenn sem léku sem Íslendingar voru 2 að meðaltali. Munurinn jókst þegar 4+1 reglan tók gildi en þá léku 7 íslenskir leikmenn meira en 10 mínútur að meðaltali hjá hverju liði en 2,3 erlendir leikmenn og 1 erlendum leikmaður að meðaltali hjá hverju liði sem lék sem íslenskur leikmaður. Árið 2013 voru fjögur lið af landsbyggð fjær í deildinni og var eitt af þeim með erlendum leikmann sem lék sem íslenskur leikmaður. Liðum í þessum flokki fækkaði niður í þrjú tímabilið 2014 og það tímabil var eitt lið með erlendum leikmann sem íslenskan. Tímabilið 2016 voru öll þrjú liðin á landsbyggð fjær með erlendum leikmann sem lék sem Íslendingur.




Mynd 36. Stig í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.

Mynd 36 sýnir þróun í stigaskori að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð fjær. Stigaskor íslenskra leikmanna minnkaði úr 7,8 stigum í 7,7 stig við reglubreytingu úr 3+2 reglu í 4+1 reglu. Tímabilið 2015 jókst stigaskor íslenskra leikmanna upp í 8,6 stig að meðaltali en tók svo dýfu niður í 5,7 stig að meðaltali tímabilið 2016. Erlendir leikmenn skoruðu 18,7 stig að meðaltali 2013 en stigaskor þeirra jókst eftir reglubreytinguna í 24,5 stig að meðaltali. Tímabilið 2015 skoruðu erlendir leikmenn u.þ.b. 2 stigum minna að meðaltali en tímabilið áður en ári síðar jókst stigaskorið í 24,2 stig að meðaltali í leik. Erlendir leikmenn sem leika sem íslenskir skoruðu 10,4 stig að meðaltali tímabilið 2013 en það jókst um rúmlega 9 stig að meðaltali eftir reglubreytinguna fyrir tímabilið 2014. Síðustu tvö tímabil hefur stigaskor erlendra leikmanna sem leika sem íslenskir minnkað í 16,2 stig tímabilið 2015 og í 15,2 stig tímabilið 2016.




Mynd 37. PER í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.

Á mynd 37 má sjá þróun í PER að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð fjær. PER erlendra leikmanna hefur aukist stöðugt yfir þessu fjögur tímabil, úr 22,6 tímabilið 2013 í 27,9 tímabilið 2016. Hjá erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir tók PER stórt stökk upp á við eftir að 4+1 reglan var samþykkt fyrir tímabilið 2014 (úr 10,9 í 21,3 að meðaltali). Síðustu tvö tímabil hefur PER hins vegar minnkað og var það 18,9 tímabilið 2015 og 17 að meðaltali tímabilið 2016. PER íslenskra leikmanna breyttist lítið við reglubreytinguna en tímabilið 2016 tók það stórt stökk niður á við eða úr 12,2 að meðaltali í 8,4 að meðaltali.




Mynd 38. Usage % í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.

Mynd 38 sýnir þróun í Usage % að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð fjær. Usage % erlendra leikmanna sem leika sem íslenskir leikmenn var lægri (9,5%) en íslenskra leikmanna (12,75%) tímabilið 2013. Tímabilið 2014 voru erlendir leikmenn sem leika sem íslenskir komnir í 20,2% að meðaltali í leik. Usage prósentu íslenskra leikmanna var lægst tímabilið 2016 (11,8%).




Mynd 39. Skotnýting í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.

Á mynd 39 má sjá þróun í skotnýtingu að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð fjær. Skotnýting íslenskra leikmanna var best tímabilið 2015 (41,2%) en verst tímabilið 2016 (38%). Erlendir leikmenn sem íslenskir voru með verstu skotnýtinguna af leikmönnum deildarinnar tímabilið 2013 (38,8%) en bestu skotnýtinguna árið eftir (45,5%). Erlendir leikmenn voru með bestu skotnýtinguna af leikmönnum deildarinnar yfir þrjú tímabil af fjórum, 2013 (47,6%), 2015 (53,5%) og 2016 (49,6%).




Mynd 40. Skottíraunir í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.

Mynd 40 sýnir þróun í skottíraunum að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð fjær. Skottíraunum íslenskra leikmanna fækkaði um 1,7 að meðaltali í leik tímabilin 2015-2016. Skottíraunum erlendra leikmanna fjölgaði um 5,5 eftir reglubreytingu.




Mynd 41. Fráköst í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.

Á mynd 41 má sjá þróun í fráköstum að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð fjær. Á tímabilunum fjórum tóku erlendir leikmenn flest fráköst að meðaltali á þremur tímabilum (2013, 2015 og 2016). Flest fráköst tóku þeir tímabilið 2015.



Mynd 42. Stoðsendingar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.

Mynd 42 sýnir þróun í stoðsendingum að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð fjær. Tímabilin 2013 (3,9) og 2014 (5,4) voru erlendir leikmenn með yfirburði í stoðsendingum að meðtaltali í leik en árið eftir gáfu þeir fæstar stoðsendingar að meðaltali, alls 1,8.



Mynd 43. Tapaðir boltar í leik að meðaltali hjá leikmönnum á landsbyggð fjær.

Á mynd 43 má sjá þróun í töpuðum boltum að meðaltali í leik hjá íslenskum leikmönnum, erlendum leikmönnum og erlendum leikmönnum sem leika sem íslenskir leikmenn á landsbyggð fjær. Af leikmönnum deildarinnar töpuðu íslensku leikmennirnir fæstum boltum að meðaltali í leik öll fjögur tímabilin. Erlendir leikmenn töpuðu flestum yfir þrjú tímabil af fjórum.

Niðurstöður II. hluti

Annar hluti niðurstöðukaflans var í formi viðtala við þjálfara úr efstu deild karla á Íslandi. Talað var við tvo þjálfara úr landsbyggð fjær flokknum og tvo þjálfara sem eru annaðhvort af höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggð nær flokknum. Rætt var um reglur um erlenda leikmenn og þeirra álit fengið á reglurnar sjálfar og hvernig þeir meta árangur leikmanna út frá reglunum.

Ívar Ásgrímsson

Ívar segir að þeir í Haukum hafi alltaf stutt 4+1 regluna, „ég hef alltaf stutt þá reglu að vera að spila á Íslendingum“. Hann telur að það sé búið að skapa gott umhverfi og það leiði til þess að fleiri strákar komist í atvinnumennsku erlendis. Reglan hefur gert mjög gott fyrir körfuknattleikinn í landinu mjög gott. Ívar segir að það vanti fleiri leikmenn í deildina og þá sérstaklega þegar menn séu farnir að fá vel greitt fyrir að spila. Hann benti á það í fyrra að það væri hægt að fækka liðum niður í 10 lið í efstu deild ef það vantaði leikmenn. Á sínum tíma var fjölgunin í efstu deild gerð til þess að auðvelda liðum utan af landi að halda sér uppi og keppa á meðal þeirra bestu. Aðspurður um kosti 4+1 reglunnar segir Ívar „helstu kostirnir eru náttúrulega að við erum að nota okkar eigin leikmenn, erum að nota stráka sem fá þá fyrr að spila hér og fá reynslu og til þess að komast í háskóla með góða reynslu“. Nefnir Ívar dæmið um Martin sem fékk góða reynslu hér heima og spilar svo vel á sínum fyrstu árum í háskólaboltanum. Þetta opni enn frekar fyrir öðrum íslenskum leikmönnum og nefnir hann Kára leikmann Hauka sem er á leiðinni út. Betri samningar og betri skólar bjóðast leikmönnum sem tilbúnir eru að spila strax og hafa reynslu úr efstu deild. Að auki nefnir Ívar þá kosti að greiða Íslendingum laun en ekki erlendum leikmönnum. Áhorfendur komi frekar á leiki til að fylgjast með íslensku strákunum frekar en liðum með 2-3 erlenda leikmenn. Hvað varðar ókosti 4+1 reglunnar segir Ívar „ókostirnir eru helst að mínu mati að það eru mörg lið í deildinni og ef við missum marga út eins og við erum að gera núna, við erum að missa nokkuð marga unga stráka út í skóla, þá fækkar í deildinni og þá verða gæðin minni. Það er alveg ljóst“. Einnig nefnir hann að íslenskir leikmenn séu orðnir of dýrir og þeir erlendu leikmenn sem falla undir þriggja ára regluna og spila sem íslenskir leikmenn séu of dýrir miðað við gæði. Liðin þurfi að líta sér nær og huga að yngri flokka starfinu til að byggja upp góða meistaraflokka. Fyrir næsta ár myndi

Það henta okkur að hafa 3+2 regluna því Kári er að fara en við ætlum samt sem áður að styðja 4+1 regluna. Ívar telur að íslenskir leikmenn hafi bætt sig mikið, góður árangur á norðurlandamótum hjá yngri landsliðum og Evrópukeppninni hjá landsliðinu eru meðal dæma. Hann telur þó að mikilvægt sé að félaglið taki þátt í Evrópukeppni og nefnir að ef menn kvarti undan kostnaði við að taka þátt í Evrópukeppni en geti svo borgað erlendum leikmönnum séu skrítnin rök. 4+1 reglan hefur fært ungum leikmönnum Hauka tækifæri á síðustu árum og nefnir Ívar þá Kára og Hjálmar. Þeir hafa fengið dýrmæta reynslu og hafa síðustu 3 ár farið í að byggja þá upp og hlutverk þeirra aukist með hverju árinu. Því hafi 4+1 reglan hjálpað þessum leikmönnum því ef fleiri erlendir leikmenn hefðu verið hefði ekki verið spilatími fyrir þessa stráka. Aðspurður um hvort 4+1 reglan sé sanngjörn með tilliti til liða á landsbyggðinni telur Ívar að hugi liðin að ungvíðinu og ali upp leikmenn þá skili það sér í meistaraflokkana. Tindastóll byggir á ungum íslenskum strákum í bland við erlenda. Þó Tindastóll leiki með erlenda leikmenn sem leika sem íslenskir þá eru önnur lið sem eru einnig með þannig leikmenn en eru ekki að ná árangri. Að lokum nefnir Ívar að sama hvaða regla sé í gangi, þá verði alltaf rifist um reglurnar. Menn hugsa alltaf út frá sínu liði hverju sinni. Vonast Ívar til þess að hægt verði að setja eina reglu sem verðu í 5 ár óbreytt.

Einar Árni Jóhannsson

Einar Árni er þjálfari Þórs frá Þorlákshöfn ásamt því að vera yfirþjálfari yngri landsliða og þjálfari U18 liðs karla. Einar talaði á sínum tíma fyrir 4+1 reglunni. „Ég sé alveg vankanta sem fylgja þeirri reglu fyrir ákveðin félög og ef ég á að segja alveg eins og er þá tala ég fyrst og síðast gegn fleiri könum. Ég er á því að einn sé nóg“. Hvað hentar íslenskum körfuknattleik best segir Einar að einn Kani og opið Bosman sé best. Hann nefnir að við ættum að finna reglu sem hentar flestum og hreyfa sem minnst við þá er fyrrnefnd lausn best. Slík regla gæti hjálpa liðum eins og Snæfell ásamt því að hægt er að týna til fleiri lið eins og KFÍ og Hött sem eru langt í burtu og hafa ekki háskóla eða sömu atvinnutækifæri. Þessir þættir hafa heilmikið um þetta að segja. Einar gerir sér grein fyrir því að Ameríkanar geti verið ódýrari og úrvalið meira en með því að hafa aðeins einn þá er hann að hugsa um hagsmuni íslenskra leikmanna. „Þegar ég er að horfa í það að mér finnst einn Kani sem tekur kannski 20-25 skot í leik vera svolítið passlegt. Evrópumennirnir eru uppaldir á svolítið annan máta. Þeir koma miklu meira út í Evrópu sem hlutverka

leikmenn.“ Því eru tveir Kanar sem deila með sér 40-50 skotum mjög hátt hlutfall og fyrir framþróun á körfuknattleik á Íslandi er það of mikið að mati Einars. Hvað varðar galla á þessari reglu þá nefnir Einar að séu í raun engir eiginlegir gallar. Þeir sem þurfa að taka þrjá leikmenn taka þá þrjá leikmenn og öfugt þeir sem ákveða að taka engan Bosman leikmann. Ef einhver er gallinn væri það að menn gætu farið fram úr sér, en það er hægt í hvaða reglu sem er. Aðspurður um hvort leikmenn hafi bætt sinn leik frá því að 4+1 reglan var sett á nefnir hann að það hafi ekki skipt máli. Hann nefnir Martin Hermannsson og Elvar Friðriksson, að þeir hafi spilað í 3+2 reglunni og staðið sig vel en einnig spilað síðar í 4+1 reglunni. Þegar Einar þjálfaði Elvar í 3+2 reglunni fékk hann ekki til sín yfirburða skorara í Kanaígildinu sínu því hann vildi að íslensku leikmennirnir hefðu stærra hlutverk. „Sem unglíngalandsliðsþjálfari finnst mér ég hafa haft rosalega góð lið í U18 síðustu 2 ár. Ég er búinn að vera lengi í þessu og mér finnst þau hafa haft mun meiri dýpt en mörg önnur lið“. Þá bætir Einar við að auðvitað hafi komið sterkir árgangar áður með mikla dýpt. Hann segir þó að það sé erfitt að alhæfa um það hvort íslenskir leikmenn séu orðnir betri, en þeir eru orðnir fleiri. Þegar Einar var spurður um hvort íslenskir leikmenn hefðu bætt sig frekar ef önnur regla en 4+1 hefði verið síðustu 3 ár segir hann það aðstæðubundið. Í sumum tilvikum hefðu leikmenn bætt sig frekar, en ekki hægt að útiloka að fleiri erlendir leikmenn hefðu einnig gert útaf við þá leikmenn. Aðspurður um hvort reglan sé sanngjörn með tilliti til liða á landsbyggðinni svara Einar því neitandi. Það sem stendur liðum eins og Snæfelli og KFÍ fyrir þrífum er skortur á hlutum í umhverfi liðanna. Það laðar ekki aðkomumenn né heldur leikmönnum lengur heima í héraði. Hvað varðar það hvað hjálpar íslenskum leikmönnum að komast á skólástyrk eða í atvinnumennsku erlendis segir Einar að tækni nútímans hafi hjálpað mikið til að opna fyrir flæðið eins og milli Íslands og Ameríku á síðustu 3 árum. Ekki væri hægt að tengja þessa opnun á flæði við það að 4+1 reglan hefði verið sett á þó svo hún hafi verið í gangi. Leikmenn voru einnig að fara erlendis í skóla áður. Sem unglíngalandsliðsþjálfari staðfestir hann að það eru gríðarlega margir háskólaþjálfara sem mæta á keppnir yngri landsliða til að fylgjast með leikmönnum keppa við jafnaldra á alþjóðlegum vettvangi til að hafa sem bestan samanburð. „Þetta er blanda af svo mörgu, þetta eru hæfileikar, þetta er hvað hefurðu verið að takast á við heima fyrir í meistaraflokki, hvað ertu að gera með yngri landsliðum og svo bara þetta maður þekkir mann. Ég myndi ekki alhæfa þetta á eitthvað regluverk“, segir Einar um það

hvað sé að skila þessum ungu strákum upp sem hafa verið að koma síðustu ár og eru að fá athygli erlendis frá. Til að draga þetta saman nefnir Einar nokkra hluti. Hann hræðist enga niðurstöðu í þessum málum, heldur hræðist hann að reglunni verði breytt ári seinna. Það sé hlutur sem þurfi að passa upp á þegar hreyfingin er í mikilli sókn. Hann nefnir að það er meiri eftirspurn en framboð á leikmönnum og þar af leiðandi séu leikmenn að skila sér fyrr heim. Það er jákvætt fyrir sjónvarpið en neikvætt fyrir landsliðsþjálfarana að leikmenn séu ekki að spila í topp gæðum. Því þarf að búa til betri gæði hér heima án þess að fara þessa leið og með því að opna möguleikann á að sækja leikmenn erlendis frá hjálpar til við það. Einar segist ávallt hafa talað fyrir sína hönd og nefnir að áhyggjurnar sem hann hefur séu af brottfalli sem sé orðið mikið. Það fer mikil umræða í málefni erlendra leikmanna á þingum og formannafundum þegar umræðan ætti frekar snúast um hvað brottfallið sé mikið hjá leikmönnum á aldrinum 18-24 ára. Það er ekki hægt að tengja það við neitt regluverk. Þetta sé þarfara málefni að tala um en reglur um erlenda leikmenn nefnir Einar. Einn Ameríkani og opnun á Bosman er það sem Einar telur best fyrir körfuknattleikshreyfinguna og þarft sé að finna lausn til 5 eða helst 10 ára.

Kári Marísson

Kári Marísson styður 3+2 regluna, það er að segja að einungis tveir erlendir leikmenn megi vera inni á vellinum hverju sinni. Aðspurður um það hvaða regla henti íslenskum körfubolta best þá telur Kári að það ætti að leyfa frjálst flæði erlendra leikmanna en takmarka það við það að þeir verði aldrei fleiri en tveir inni á vellinum hverju sinni. Það sem Kári hugsar um þegar hann talar fyrir 3+2 reglunni er að það þurfi að styrkja körfuboltann í heild sinni. Við það að hafa 4+1 regluna telur Kári að deildin hafi veikst verulega. Liðin taka inn einn erlendann leikmann sem valinn er í þá stöðu sem styrkir hvert lið best. Síðan eru leikmenn að koma úr 1. deildinni eða öðrum liðum í efstu deild í leit að meiri spilatíma. Hvað varðar ókosti reglunnar þá sér Kári enga, hann nefnir að þeir leikmenn sem voru í lokahóp íslenska landsliðsins sem keppti á Evrópumótinu ólust upp hér á Íslandi við 3+2 regluna og bætir við „með tveimur útlendingum á gólfinu og síðan fara þeir erlendis og þá eru þeir einfaldlega betur búnir undir það að keppa við erlenda leikmenn um stöðu í þeim liðum sem þeir eru að spila fyrir þar“. Kári hefur alltaf verið fylgjandi 3+2 reglunni og telur hana henta íslenskum körfuknattleik best. Aðspurður um hvort íslenskir leikmenn hafi bætt sig frá því að 4+1 reglan var sett á finnst Kára

ekki svo vera. „Kári Jónsson hjá Haukum, besti maður Haukanna í vetur. Hann er 18 ára gamall, mér finnst það persónulega, með fullri virðingu fyrir honum, segja meira um það hvaða deildin er slök en ekki hvað hann er góður“. Hann nefnir að fleiri lið séu með svona unga leikmenn eins og liðið hans Tindastóll. Kári telur það veikleikamerki á deildinni að tvítugir strákar geti spilað aðalhlutverk hjá liðum. Honum finnst breiddin hafa minnkað í íslenskum körfuknattleik og að 1. deildin hafi veikst. Spurður út í það hvort leikmenn Tindastóls hafi bætt leik sinn eftir að 4+1 reglan var sett á finnst Kára svo ekki vera. Hann tekur sem dæmi að um tíma hafi tveir amerískir leikmenn verið hjá liðinu og á þeim tíma hafi ákefðin og gæðin á æfingum stóraukist. Við slíkar aðstæður á æfingum hljóti yngri leikmenn að bæta sig. Kára finnst aukin samkeppni og gæði æfinga skipta mestu máli til að hjálpa íslenskum leikmönnum að komast erlendis. Hann telur að með 3+2 reglu væru leikmenn í unglingaflokki ekki í eins stórum hlutverkum í meistaraflokkum og þannig væri hægt að halda úti öflugri og sterkari unglingaflokkum. Hann nefnir að í vetur hafi verið mikið um forfæringar á leikjum vegna mikilvægi leikmanna unglingaflokks í Dominosdeildinni. Að lokum bendir Kári á að hann vilji sjá körfuboltann byggðan upp svipað og í bandarískum háskólum (e. college), þar sem leikmenn væru að spila í unglingaflokki til 22-23 ára aldurs. Á þeim tíma ættu þeir að vera orðnir tilbúnir að takast á við hlutverk í meistaraflokki, bæði líkamlega og andlega. Þetta er aldur erlendra leikmanna sem eru að koma hingað fyrst og eru sumir að stíga sín fyrstu skref í atvinnumennsku. Mikilvægi íslensku strákana í 4+1 reglunni í meistaraflokki er ekki mikið. „Þeir eru engan veginn líkamlega tilbúnir. Við höfum séð það að þegar kemur að átökum úrslitakeppninnar að þá detta þeir bara út. Þá er leyft meira. Þessum strákum er kippt niður á jörðina á þessum augnablikum.”

Ingi Þór Steinþórsson

Ingi Þór styður 3+2 regluna en myndi sætta sig við 3+1+1 regluna en í þeirri reglu eru alltaf þrír íslenskir leikmenn inni á vellinum hverju sinni ásamt því að leyfilegt væri að vera með einn Amerískan leikmann og einn Bosman leikmann. “Ég held að 3+1+1 sé regla sem myndi henta öllum. Mistökin við 3+2 regluna voru þessu tvö Kanagildi. Kanar geta verið of afgerandi og þess vegna var óánægja með að Íslendingar voru komnir í mikið aukahlutverk”, segir Ingi og talar um að Evrópumenn séu oft á tíðum betri liðsmenn en Bandaríkjamennirnir. Ingi segir að

kostirnir við 3+2 regluna séu þeir að lið eins og Snæfell, sem hann þjálfar, sem eru með lítinn mannskap geti byggt upp lið í kringum tvo sterka leikmenn. Einnig talar Ingi um að það sé meira framboð af leikmönnum frá Bandaríkjunum og að þeir séu oftast ódýrari en Evrópumennirnir. Ingi var spurður hvort íslenskir leikmenn hafi bætt sig í 4+1 reglunni, “Ég verð að segja nei. Þeir sem eru í aðalhlutverkum hafa gert sitt. Þegar æfingahópurinn er sterkur þá verða leikmennirnir sjálfkrafa betri. Sem dæmi hjá Snæfell, þá fóru gæðin á æfingum niður og þá er klárt að þú nærð ekki eins miklum framförum”. Ingi segir að þeir íslensku strákar sem hann þjálfaði vetur hefðu fengið nákvæmlega sömu tækifæri þó það hefði verið einn erlendur leikmaður til viðbótar. Aðspurður um hvort íslenskir leikmenn hefðu bætt sig frekar ef önnur regla hefði verið í gildi síðastliðin þrjú tímabil segist Ingi geta staðfest það vegna gæða deildarinnar, “það eru margir leikmenn að fara erlendis í skóla eða sem atvinnumenn, sem er frábært, en gæðalega séð eigum við ekki nógu marga leikmenn til að halda úti 12 liða deild”. Ingi telur 4+1 regluna ekki vera sanngjarna með tilliti til liða á landsbyggðinni og nefnir þar aðstæður liða á landsbyggðinni, “Til dæmis hjá okkur í Snæfell, við höfum ekki háskóla, þeir trekkja að. Við erum með framhaldsskóla sem var mikil breyting og seinkaði brottfalli leikmanna til Reykjavíkur. Leikmenn sem hafa verið að koma upp í gegnum Snæfell hafa verið að styrkja liðin á höfuðborgarsvæðinu sem gerir okkur erfitt fyrir”. Til þess að hjálpa leikmönnum að verða betri og ná markmiðum sínum um að komast í skóla erlendis eða atvinnumennsku segir Ingi að gæði og samkeppni á æfingum skipti meira máli en spilatími. “Umboðsmenn erlendis horfa ekki alltaf á tölfræðina. Þeir horfa frekar á hvernig leikmaðurinn er, hversu efnilegur hann er og hvernig skapgerð hann hefur. Umboðsmenn horfa ekki á hvort leikmaðurinn sé að spila 30 mínútur, 40 mínútur, 20 mínútur eða 5 mínútur”. Einnig talar Ingi um að umboðsmenn horfi á hvort leikmenn séu líkamlega tilbúnir í verkefnið og hversu vel þeir kunni leikinn og þá snúist þetta ekki um hvort það séu fleiri erlendir leikmenn í liðunum þeirra eða ekki. Að lokum finnst Inga að félög ættu ekki að kjósa þá reglu um erlenda leikmenn sem hentar þeim best hverju sinni en ættu að hugsa um hag íslensks körfubolta í heild. Hann er stoltur af því hversu mörg lið af landsbyggðinni séu að keppa og finnst mikilvægt að finna reglu sem hentar öllum sem best. Ingi bendir á að ef lið eru nægilega sterk ættu þau ekki að þurfa að fá sér auka erlendan leikmann einungis vegna þess að hin liðin eru með erlendan leikmann.

Umræður

Markmið rannsóknarinnar var að bera saman frammistöðu leikmanna í efstu deild karla í körfuknattleik síðustu fjögur leiktímabil þar sem annars vegar 3+2 reglan var í gildi og hins vegar 4+1 reglan. Rannsóknin var bæði eigindleg og meindleg og voru niðurstöður unnar úr tölfræði af vef KKÍ og úr viðtölum við þjálfara í efstu deild karla.

Í töflu 7 má sjá að íslenskir leikmenn sem spiluðu 10 mínútur eða meira að meðaltali í leik voru 6,2 árið 2013, árið 2016 voru þeir orðnir rúmlega einum fleiri eða 7,5. Á sama tíma stendur stigaskorun nokkurnvegin í stað hjá íslenskum leikmönnum. Íslenskir leikmenn eru því að skora meira í leikjum árið 2016 en árið 2013 því fleiri eru að taka þátt í að skora stigin. Það þarf ekki að þýða að íslenskir leikmenn séu orðnir betri en áður, heldur eru íslensku leikmennirnir mögulega orðnir fleiri eins og Einar Árni kemur inn á.

Markmið reglubreytinganna var að fækka erlendum leikmönnum í deildinni og það tókst. Erlendir leikmenn voru 3,6 að meðaltali í hverju liði sem léku 10 mínútur eða að meira að meðaltali tímabilið 2013 (3+2 regla) en tímabilið 2016 voru þeir 1,6 að meðaltali í hverju liði.

Þegar PER leikmanna yfir tímabilin fjögur er skoðað kemur í ljós að PER allra leikmanna hækkaði við reglubreytinguna en erlendir leikmenn héldu áfram að hækka sitt PER að meðaltali tímabilin 2015 og 2016. Eftir að íslensku leikmennirnir höfðu hækkað sitt PER að meðaltali við reglubreytingu lækkaði það bæði tímabilin 2015 og 2016. Á öðru ári 4+1 reglunnar (2015) lækkaði PER hjá íslenskum leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð nær en á sama tíma hækkaði það hjá leikmönnum á landsbyggð fjær. Ingi Þór og Kári tala báðir um að íslenskir leikmenn hafi ekki bætt sig í 4+1 reglunni og nefna að gæði æfinga og minni samkeppni geti verið helsta ástæðan. Leikmenn í landshlutanum sem þeir þjálfar í, landsbyggð fjær, tóku dýfu í PER að meðaltali í leik árið 2016 á meðan leikmenn á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð nær bættu við sitt PER sama tímabil. Í öllum landshlutum var PER erlendra leikmanna hærra á þriðja ári 4+1 reglunnar en á fyrsta ári reglunnar. Usage prósentu íslenskra leikmanna hækkaði við reglubreytinguna og hélt áfram að aukast á öðru ári reglunnar. Á þriðja ári reglunnar minnkaði Usage prósentu allra leikmanna deildarinnar. Usage prósentu erlendra

leikmanna og erlendra leikmanna sem léku sem íslenskir leikmenn jókst við reglubreytinguna. Erlendir leikmenn sem léku sem íslenskir lækkuðu í Usage prósentu bæði tímabilin eftir hækkunina við reglubreytinguna. Á þessu má sjá að vægi erlendra leikmanna sem léku sem íslenskir jókst eftir að 4+1 reglan var sett á en hefur svo dalað. Á sama tíma má sjá að skotnýting þeirra hefur dalað og hrapaði verulega eða úr 47,43% árið 2014 niður í 39,54% og stuyður það það sem Ívar nefnir um að gæðin séu ekki mikil hjá þeim leikmönnum miðað við vægi og hvað þeim sé borgað. Hjá leikmönnum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð fjær hækkaði Usage prósentan jafnt og þétt tímabilin 2013-2015 en tók svo dýfu tímabilið 2016. Skotnýting íslenskra leikmanna og erlendra leikmanna sem léku sem íslenskir hækkaði fyrsta árið í 4+1 reglunni en lækkaði svo bæði tímabilin eftir það. Skotnýting erlendra leikmanna hækkaði öll fjögur tímabilin. Lítil breyting var á fjölda skota sem íslenskir leikmenn tóku að meðaltali í leik yfir þessi fjögur tímabil. Þróunin var sú sama og í skotnýtingunni, fæst skot tímabilið 2013 og flest skot tímabilið 2014 sem fækkaði svo bæði tímabilin 2015 og 2016. Erlendir leikmenn bættu við sig fráköstum að meðaltali tímabilin 2013-2015 en íslenskir leikmenn tóku flest fráköst að meðaltali tímabilið 2014 en fæst fráköst tímabilið 2013.

Í rannsókninni voru alls átta tölfræðiþættir skoðaðir (stig, PER, Usage%, skotnýting, skottilraunir, fráköst, stoðsendingar og tapaðir boltar). Í fjórum (stig, PER, skotnýting og skottilraunir) af flokkunum átta var þróunin á milli tímabila sú sama hjá íslenskum leikmönnum, þ.e. frammistaðan var slökust þegar 3+2 reglan (2013) var í gildi en best fyrsta ár 4+1 reglunnar (2014) og dalaði næstu tvö tímabil þar á eftir. Í öllum tölfræðiþáttum nema stoðsendingum og töpuðum boltum var tölfræðin slakari hjá íslenskum leikmönnum á þriðja ári 4+1 reglunnar en á fyrsta ári reglunnar. Erlendir leikmenn hafa verið að spila betur og betur eftir að 4+1 reglan var samþykkt sé tekið mið af stigaskori, PER, skotnýtingu og fráköstum. Í þessum tölfræðiþáttum bæta erlendir leikmenn sig yfir þessi þrjú tímabil. Vægi erlendra leikmanna sem léku sem íslenskir leikmenn var mest á fyrsta ári 4+1 reglunnar en í öllum átta tölfræðiþáttunum var hæsta gildi þeirra tímabilið 2014.

Út frá töflunum um fjölda liða í keppnum á vegum KKÍ má sjá að árið 2013 þegar 3+2 reglan var í gildi voru 45 lið skráð til leiks. Liðunu sem taka þátt í deildarkeppni á vegum KKÍ fækkar eftir að 4+1 reglan er sett á. Fækkun er mest hjá liðum úr landsbyggð fjær flokknum en þau lið sem eru að detta út eru að taka

þátt í 2. deild sem skiptist svo í 2. og 3. deild árið 2016. Árið 2015 léku aðeins 8 lið í 1. deildinni og gæti það verið merki um það að liðin í úrvalsdeild séu að sækja leikmenn í 1. deildina sem veldur því að breiddin minnkar í deildunum fyrir neðan eftir að 4+1 reglan var sett á.

Þegar tölfræði liðanna er skoðuð má sjá að á höfuðborgarsvæðinu sveiflast stigaskorið minnst milli ára. Hjá landsbyggð nær liðunum dregst stigaskorið saman öll árin. Miklar sviptingar eru í stigaskorinu hjá landsbyggð fjær milli ára og eru liðin þar alltaf undir meðaltalinu yfir allt landið. Árin 2014 og 2016 eru liðin af landsbyggð fjær með afgerandi fæst stig að meðaltali í leik. Það má segja að hraði leiksins (e. pace) haldist í hendur við stigaskorið öll árin. Árið 2016 er minnsti hraðinn í leikjum og mesti hraðinn er árið 2012 þegar 3+2 reglan er í gildi. Framlag (e. PER) liða fer batnandi með hverju árinu hjá liðunum á höfuðborgarsvæðinu, liðin á landsbyggð nær eru með litlar breytingar milli ára. Liðin í landsbyggð fjær floknum eru með slakara framlag að meðaltali frá sínum leikmönnum og árið 2016 er það afgerandi slakara en öll hin árin hjá öllum landsbyggðarhlutum. Í fráköstum og stoðsendingum sækir höfuðborgin í sig veðrið á hverju ári. Töpuðum boltum fækkar með hverju árinu hjá öllum liðunum yfir allt landið. Þegar horft er til tölfræðinnar yfir liðin má sjá að liðin á landsbyggð fjær eiga erfit uppdráttar og út frá tölfræðinni virðast þau heilt yfir ekki vera að ná góðum árangri. Á sama tíma er höfuðborgarsvæðið að bæta sig jafnt og þétt í einstaka þáttum. Samantektin um tölfræði hjá liðunum á að gefa okkur góða mynd af því hvernig landshlutunum vegnar í samanburði hverjum við annan. Þessi tölfræði er svo brotin frekar niður þegar leikmenn eru skoðaðir nánar í hverjum tölfræðiþætti í hverjum landshluta fyrir sig.

Í viðtölin komu tveir þjálfarar af landsbyggð fjær, Ingi Þór þjálfari Snæfells og Kári aðstoðarþjálfari Tindastóls. Ívar Ásgrímsson þjálfari Hauka og Einar Árni þjálfari Þórs frá Þorlákshöfn komu fyrir hönd landsbyggð nær og höfuðborgarsvæðisins. Ívar talar um að þeir í Haukum styðji 4+1 regluna meðan hinir þjálfararnir tala fyrir ýmsum útfærslum á 3+2 reglunni. Skiptar skoðanir eru hjá þjálfurunum hvort íslenskir leikmenn séu að bæta sig að þeirra mati. Ívar telur að íslenskir leikmenn séu að bæta sig. Einar kemur inná að ungir leikmenn séu orðnir fleiri og nefnir hann meiri dýpt í yngri landsliðum sem hann þjálfar, en vill ekki alhæfa um að leikmenn séu orðnir betri. Í viðtölunum kom einnig fram að Kanar væru ódýrari og framboðið mikið, einnig eru þeir meira afgerandi leikmenn

en evrópskir. Einar talar gegn því að leyfa tvö kanaígildi því með því taka þeir of mikið frá íslenskum leikmönnum. Þjálfarnir nefna það að lið úti á landi geti ekki boðið uppá sömu tækifæri og liðin á höfuðborgarsvæðinu, þá er verið að tala um háskóla eða atvinnutækifæri. Kári segir þó að annaðhvort séu menn að reka starf af krafti eða ekki þegar kemur að sanngirni 4+1 reglunnar fyrir lið úti á landi. Þjálfararnir tala um að það séu ekki nógu margir leikmenn á landinu til að halda úti 12 liða deild í 4+1 reglunni og halda uppí þeim gæða stalli sem settur hefur verið. Lið eru að sækja leikmenn í 1. deildina og þannig minnkar breiddin í körfuknattleikshreyfingunni í heild. Þetta sé til komið vegna þess að fleiri ungir leikmenn eru að fara erlendis í skóla eða spila sem atvinnumenn. Á sama tíma eru leikmenn hins vegar að koma heim úr atvinnumenskunni of snemma og þó það geri deildinni gott þá hjálpar það landsliðinu ekki og þá er spurning hvað það hjálpar hreyfingunni að þeir séu að koma fyrir heim.

Það sem væri gaman að skoða eftir að hafa séð niðurstöðurnar í þessari ritgerð hvort að í ákveðnum landshlutum gætu verið lið sem væru afgerandi góð og híft meðaltalið upp. Það sama á við um hvað varðar leikmenn. Einnig gæti þetta virkað öfugt, að lið stæði sig það illa að lækki meðaltalið. Líkt og árið 2016 þá gætu verið 2-3 lið sem væru afgerandi slök og skekkja myndina og gæti það orðið til þess að deildin kemur verr út tímabilið 2016. Því væri hægt að skoða tölfræðina út frá árangri til að fá betri mynd að hvort það sé raunverulega þannig að með fækkun liða í 10 liða deild þá værum við að viðhalda eða mögulega bæta gæðin í deildinni. Einnig væri forvitnilegt að skoða tölfræði leikmanna út frá leikstöðum. Það gæti þó gert það að koma einstaka leikmanns í deildina, sem hefur klára yfirburði á einum eða fleiri tölfræðiþáttum, gæti skekkt þær niðurstöður verulega. Einnig gæti verið að lið séu að taka frekar erlendan leikmann í stöðu framherja eða miðherja en áður þegar mátti vera með tvo erlenda leikmenn völdu lið oft að taka einn leikmann í stöðu fram- og miðherja og annan í stöðu bakvarðar. Þannig væri hægt að sjá hvað kanaígildið væri að gera í hverri stöðu fyrir sig eftir því hvort liðin séu að sækja sér Kana í þá stöðu eða aðrar í 4+1 reglunni.

Sú tölfræðivinna sem unnin var í ritgerðinni alhæfir mögulega of mikið yfir alla deildina og tekur ekki mið af þessum tveimur atriðum sem áður er nefnd. Þó er vandmeðfarið ef rýna ætti um of í þessa þætti sem áður voru nefndir því þá gætu einstaka leikmenn haft of mikið vægi og skekkt niðurstöður fyrir þann hóp sem væri verið að skoða. Ritgerðin ætti þó að gefa nokkuð góða mynd af stöðu mála. Erlendir

leikmenn sem spila Íslendingar hafa séð sitt vægi aukast gífurlega síðan 4+1 reglan var sett á en tölfræðin sýnir að gæðin eru ekki í samræmi við þetta aukna vægi þeirra. Fleiri íslenskir leikmenn fá tækifæri en það skilar sér ekki í betri tölfræði hjá íslenskum leikmönnum í heild.

Heimildir

- 3+2 féll á jöfnu – breyting í Iceland Express-deild kvenna. (2011). Sótt 2. maí 2016, af <http://kki.is/frettir/frett/2011/05/07/3-2-fell-a-jofnu-breyting-i-Iceland-Express-deild-kvenna/?pagetitle=3%202%20f%C3%A9ll%20%C3%A1%20j%C3%B6fnu%20%E2%80%93%20breyting%20%C3%AD%20Iceland%20Express-deild%20kvenna>
- Alvarez, J., Forrest, D., Sanz, I., & Tena, J. D. (2011). Impact of importing foreign talent on performance levels of local co-workers. *Labour Economics*, 18(3), 287–296. <http://doi.org/10.1016/j.labeco.2010.11.003>
- Árþing KKI: Óbreytt keppnisfyrirkomulag, launapak og ótakmarkur fjöldi erlendra leikmanna. (2003). Sótt 2. maí 2016, af http://www.mbl.is/sport/korfubolti/2003/05/04/arsting_kki_obreytt_keppnisfyrirkomulag_launathak/
- Baur, D. G., & Lehmann, S. (2007). Does the Mobility of Football Players Influence the Success of the National Team? Sótt af <http://papers.ssrn.com/abstract=980936>
- Binder, J. J., & Findlay, M. (2012). The Effects of the Bosman Ruling on National and Club Teams in Europe. *Journal of Sports Economics*, 13(2), 107–129. <http://doi.org/10.1177/1527002511400278>
- Calculating PER. (e.d.). Sótt 7. maí 2016, af <http://www.basketball-reference.com/about/per.html>
- Cantwell, J. D. (2004). The physician who invented basketball. *The American Journal of Cardiology*, 93(8), 1075–1077. <http://doi.org/10.1016/j.amjcard.2003.12.068>

- Fækkun erlendra leikmanna samþykkt á ársþingi KKÍ. (2005). Sótt 13. maí 2016, af http://www.mbl.is/sport/karfa_karla/2005/05/01/faekkun_erlendra_leikmanna_samthykkt_a_arstingi_kki/
- Glossary. (e.d.). Sótt 7. maí 2016, af <http://www.basketball-reference.com/about/glossary.html>
- KKÍ | Reglugerð um körfuknattleiksmót. (e.d.). Sótt 21. mars 2016, af <http://kki.is/log-og-reglugerdir/reglugerdir/yfirlit-reglugerda/reglugerd-um-korfuknattleiksmot/>
- Krause, J. (2002). *Coaching Basketball* (3 edition). Chicago: McGraw-Hill Education.
- Kristín Lilja Friðriksdóttir. (2015). Tölfræði 2013. Sótt 2. maí 2016, af [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Tolfraedirit/tolfraedi_ISI_2013.pdf?="](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Tolfraedirit/tolfraedi_ISI_2013.pdf?=).
- Laughead, G. (2005). *Basketball History: Dr. James Naismith, Basketball Inventor, Founder, KU Basketball: Kansas History Web Sites*. Sótt 2. maí 2016, af <http://www.kansasheritage.org/people/naismith.html>
- Samþykkt formannafundar KKÍ mun fækka erlendum leikmönnum. (2012). Sótt 2. maí 2016, af <http://kki.is/frettir/frett/2012/04/27/Samthykkt-formannafundar-KKI-mun-faekka-erlendum-leikmonnum/?pagetitle=Sam%C3%BEykkt+formannafundar+KK%C3%8D+mun+f%C3%A6kka+erlendum+leikm%C3%B6nnum>
- Skapti Hallgrímsson. (2001). *Leikni frammar líkamsburðum: Saga körfuknattleiks á Íslandi í hálfri öld*. Reykjavík: Körfuknattleikssamband Íslands.
- Svali H. Björgvinsson, & Torfi Magnússon. (1994). *Karfa góð: Grunnstigi KKÍ*. Reykjavík: Oddi.

Tölfræði KKÍ. (e.d.). Sótt af <http://gamli.kki.is/mot/>

Úrvalsdeild karla. (e.d.). Sótt af http://kki.is/motamal/leikir-og-urslit/motayfirlit/Deildir-flokkar?league_id=190

Viðaukar

Viðtalsrammi

Þjálfarar

Hver er tenging þín í körfuboltahreyfinguna? Hvaða reglu um fjölda erlendra leikmanna styður þú? Hvaða regla um fjölda erlendra leikmanna finnst þér henta íslenskum körfubolta best? Hvaða kosti hefur reglan sem þú styður fram yfir aðrar reglur? Hverjir eru ókostir reglunnar sem þú styður, ef einhverjir eru? Hefur þú alltaf stutt regluna eða hefur þú stutt aðrar reglur áður? Hvers vegna? Finnst þér íslenskir leikmenn hafa bætt sinn leik frá því að 4+1 reglan var samþykkt? Er 4+1 reglan að hjálpa þínum íslensku leikmönnum að bæta sinn leik? Væri líklegra að íslenskir leikmenn hefðu bætt sig enn frekar ef önnur regla hefði verið í gildi síðastliðin 3 ár? Finnst þér reglan sanngjörn með tilliti til liða á landsbyggðinni? Hvað telur þú skipta mestu máli þegar hjálpa á íslenskum leikmönnum að komast í atvinnumennsku eða á skólastyrk? Eitthvað sem þú vilt bæta við þessar umræður að lokum?